	Mislitun húðar	--	Sjaldgæfar	--	--
	Ofsakláði og annars konar útbrot	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Algengar
	Æðabólga með drepri og drep í húðþekju	--	--	--	Koma örsjaldan fyrir
Stoðkerfi og stoðvefur	Liðverkir	--	Sjaldgæfar	--	--
	Bakverkur	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Liðbólgur	Sjaldgæfar	--	--	--
	Vöðvakippir	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Tíðni ekki þekkt
	Vöðvaslappleiki	Sjaldgæfar	--	--	--
	Vöðvaverkir	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	Tíðni ekki þekkt	--
	Verkir í útlimum	Sjaldgæfar	--	--	--
Nýru og þvaghæri	Aukning kreatínins í sermi	Sjaldgæfar	--	Tíðni ekki þekkt	--
	Truflun á þvaglátum		Sjaldgæfar		
	Næturmiga	--	Sjaldgæfar	--	--
	Óeðlilega tíð þvaglát	Algengar	Sjaldgæfar		
	Skert nýrnastarfsemi	--	--	--	Tíðni ekki þekkt
	Bráð nýrnabilun	Sjaldgæfar	--	--	Tíðni ekki þekkt
	Nýrnabilun og skert nýrnastarfsemi	--	--	Tíðni ekki þekkt	Mjög sjaldgæfar
Æxlunarfæri og brjóst	Getuleysi	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Algengar
	Brjóstastækkun hjá körlum		Sjaldgæfar	--	--

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Gangstol, gangtruflanir	Sjaldgæfar	--	--	--
	Þröttleysi	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Tíðni ekki þekkt
	Vanlíðan, slappleiki	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Preyta	Algengar	Algengar	Sjaldgæfar	--
	Brjóstverkur sem ekki tengist hjarta	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Bjúgur	Algengar	Algengar	--	--
	Verkir	--	Sjaldgæfar	--	--
	Hiti	--	--	--	Tíðni ekki þekkt
Rannsóknaniðurstöður	Aukning lípiða		--		Mjög algengar
	Aukning köfnunarefnis úr þvagefni í blóði (BUN)	Sjaldgæfar	--	--	--
	Aukin þvagsýra í blóði	Sjaldgæfar	--	--	
	Sykurmiga				Mjög sjaldgæfar
	Kalíumlækkun í sermi	Sjaldgæfar	--	--	--
	Kalíumhækkun í sermi	--	--	Tíðni ekki þekkt	--
	Þyngdaraukning	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Þyngdartap	--	Sjaldgæfar	--	--

* Sjá kafla 4.4 Ljósæmi

4.9 Ofskömmtnun

Einkenni

Engar upplýsingar liggja fyrir um ofskömmtnun með Imprida HCT. Helsta einkenni ofskömmtnunar með valsartani er hugsanlega mikill lágþrýstingur með sundli. Ofskömmtnun með amlodipini getur leitt til mikillar útlægrar æðavíkkunar og hugsanlega hraðsláttar vegna þess. Greint hefur verið frá umtalsverðum og hugsanlega langvinnum lágþrýstingi sem getur meðal annars endað í losti og verið banvænn, í tengslum við meðferð með amlodipini.

Meðferð

Amlodipin/Valsartan/Hydróklórtíazíð

Klínískt marktækur lágþrýstingur vegna ofskömmtnunar með Imprida HCT krefst inngríps til stuðnings við hjarta og blóðrás, þ.m.t. ört eftirlit með hjartastarfsemi og öndun, útlimum haldið í hárrí stellingu og eftirlit með blóðrúmmáli og þvagmyndun. Æðaherpandi lyf gæti komið að gagni við að ná upp æðaspennu og blóðþrýstingi, svo framarlega sem ekki er frábending fyrir slíkri notkun. Gjóf kalsíumglúkónats í bláæð gæti komið að gagni við að snúa við áhrifum af lokun kalsíumganga.

Amlodipin

Ef skammt er um liðið frá því lyfið var tekið inn má íhuga að framkalla uppköst eða beita magaskolun. Sýnt hefur verið fram á að gjóf lyfjakola handa heilbrigðum sjálfboðaliðum, tafarlaust eða allt að tveimur klst. eftir inntöku amlodipins, dregur marktækt úr frásogi amlodipins. Ólíklegt er að hægt sé að fjarlægja amlodipin með blóðskilun.

Valsartan

Ólíklegt er að hægt sé að fjarlægja valsartan með blóðskilun.

Hýdróklórtíazið

Ofskömmun með hýdróklórtíaziði tengist minnkun á blóðsöltum (blóðkalíumlækkun, blóðklóríðalækkun) og ofþornun vegna mikillar þvagræsingar. Algengustu einkenni ofskömmunar eru ógleði og svefnhöfði. Blóðkalíumlækkun getur valdið vöðvakippum og/eða áberandi hjartsláttartruflunum í tengslum við samhliða notkun með digitalis glýkósíðum eða ákveðnum lyfjum við hjartsláttartruflunum.

Ekki hefur verið ákvarðað að hve miklu leyti hægt sé að fjarlægja hýdróklórtíazið með blóðskilun

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Angiotensin II viðtakablokkar, óblandaðir (valsartan), í samsetningu með dihydropyridínafleiðum (amlodipín) og þvagræsilyfjum af flokki tíaziða (hýdróklórtíazið), ATC flokkur: C09DX01.

Í Imprida eru þrjú blóðþrýstingslækkandi lyf sem með mismunandi verkunarmáta lækka blóðþrýsting hjá sjúklingum með frumkominn háþrýsting: Amlodipín tilheyrir flokki kalsíumgangaloka, valsartan tilheyrir flokki angiotensín II viðtakablokka og hýdróklórtíazið tilheyrir þvagræsilyfjum af flokki tíaziða. Samsetning þessara lyfja hefur samleggjandi blóðþrýstingslækkandi verkun.

Amlodipín/Valsartan/Hýdróklórtíazið

Imprida HCT var rannsakað í tvíblindri samanburðarrannsókn með virkum samanburði hjá sjúklingum með háþrýsting. Samtals 2.271 sjúklingur með í meðallagi alvarlegan eða alvarlegan háþrýsting (meðal slagbils-/þanbilsþrýstingur var 170/107 mmHg) fékk meðferð með amlodipíni/valsartani/hýdróklórtíaziði 10 mg/320 mg/25 mg, valsartani/hýdróklórtíaziði 320 mg/25 mg, amlodipíni/valsartani 10 mg/320 mg eða hýdróklórtíaziði/amlodipíni 25 mg/10 mg. Í upphafi rannsóknarinnar fengu sjúklingarnir ávísað lægri skömmum af samsetningunni sem þeir fengu meðferð með og voru skammtarnir auknir smám saman þar til fullum meðferðarskammti var náð á 2. viku.

Á 8. viku var meðal lækkun á slagbils-/þanbilsþrýstingi 39,7/24,7 mmHg hjá þeim sem fengu Imprida HCT, 32,0/19,7 mmHg hjá þeim sem fengu valsartan/hýdróklórtíazið, 33,5/21,5 mmHg hjá þeim sem fengu amlodipín/valsartan og 31,5/19,5 mmHg hjá þeim sem fengu amlodipín/hýdróklórtíazið. Meðferðin með þriggja lyfja samsetningunni hafði tölfraðilega yfirburði yfir meðferð með öllum þremur tveggja lyfja samsetningunum hvað varðar lækkun á þanbils- og slagbilsþrýstingi. Lækkun slagbils-/þanbilsþrýstings hjá þeim sem fengu Imprida HCT var 7,6/5,0 mmHg meiri en hjá þeim sem fengu valsartan/hýdróklórtíazið, 6,2/3,3 mmHg meiri en hjá þeim sem fengu amlodipín/valsartan og 8,2/5,3 mmHg meiri en hjá þeim sem fengu amlodipín/hýdróklórtíazið. Hámarks blóðþrýstingslækkandi áhrif komu fram 2 vikum eftir að meðferð með hámarksskammti af Imprida HCT hófst. Tölfraðilega hærra hlutfall sjúklinga náði stjórn á blóðþrýstingi (<140/90 mmHg) með Imprida HCT (71%) samanborið við allar hinar þrjár tveggja lyfja meðferðirnar, hverja fyrir sig (45-54%) ($p<0,0001$).

Þegar sjónum var beint að skráningu ferliblóðþrýstings með síríta (ambulatory blood pressure monitoring), hjá undirhópi 283 sjúklinga, komu fram klínískir og tölfraðilegir yfirburðir hvað varðar lækkun á 24 klukkustunda slagbils- og þanbilsþrýstingi hjá þeim sem fengu þriggja lyfja meðferðina, samanborið við meðferð með valsartani/hýdróklórtíaziði, valsartani/amlodipíni og hýdróklórtíaziði/amlodipíni.

Amlodipin

Virka innihaldsefnið amlodipin í Imprida HCT kemur í veg fyrir að kalsíumjónir komist yfir himnur inn í slétta vöðva í hjarta og æðum. Blóðþrýstingslækkandi verkun amlodipins verður vegna beinna slakandi áhrifa á slétta vöðva í æðum, sem dregur úr mótstöðu í útlægum æðum og blóðþrýstingi. Upplýsingar úr rannsóknum benda til þess að amlodipin bindist bæði við bindiset dihydropyridins og bindiset sem ekki binda dihydropyridin. Samdráttarferli í hjartavöðva og sléttum vöðvum í æðum eru háð flutningi kalsíumjóna utan frumna inn í þessar frumur um sértæk jónagöng.

Eftir gjöf ráðlagðra skammta handa sjúklingum með háþrýsting veldur amlodipin æðavíkkun sem hefur í för með sér lækkun blóðþrýstings í útafliggjandi og uppréttri stöðu. Þessari lækkun blóðþrýstings fylgir ekki marktæk breyting á hjartsláttarhraða eða plasmabéttni adrenvirkra efna við langvarandi notkun lyfsins.

Plasmabéttni er í gagnkvæmu samræmi við áhrif hjá bæði ungum og öldruðum sjúklingum.

Hjá háþrýstingssjúklingum með eðlilega nýrnastarfsemi leiddu ráðlagðir skammtar amlodipins til minni æðamótstöðu í nýrum og til aukinnar gauklasíunar og virks plasmaflæðis um nýru, án breytinga á síunarhlutanum eða próteinmigu.

Valsartan

Valsartan er öflugur, sértækur angiotensín II viðtakablokki sem er virkur eftir inntöku. Það hefur sértæka verkun á AT₁ undirflokk viðtaka en þekkt áhrif angiotensín II verða fyrir tilstilli hans.

Notkun valsartans handa sjúklingum með háþrýsting veldur lækkun á blóðþrýstingi án þess að hafa áhrif á hjartsláttartíðni.

Eftir notkun staks skammts kemur blóðþrýstingslækkandi verkun fram hjá flestum sjúklingum innan 2 klst. og hámarkslækkun blóðþrýstings næst innan 4-6 klst. Blóðþrýstingslækkandi áhrif vara í meira en 24 klst. eftir inntöku. Við endurtekna skammta næst hámarkslækkun blóðþrýstings, hvaða skammts sem er, yfirleitt innan 2-4 vikna.

Hýdróklórtíazið

Verkunarstaður þvagræsilyfja af flokki tíaziða er einkum í fjærþíplum nýrna (renal distal convoluted tubule). Sýnt hefur verið fram á að hasækni viðtaki í nýrnabarki er helsti bindistaður hvað varðar verkun þvagræsilyfja af flokki tíaziða og hömlun á NaCl (natríumklóríð) flutningi í fjærþíplum nýrna. Verkunarháttur tíaziða er hömlun á Na⁺Cl⁻ dælu, hugsanlega með því að keppa um Cl⁻ bindistað og hafa þannig áhrif á endurupptöku salta: bein áhrif með auknum útskilnaði natríums og klóríðs í nokkurn veginn sama magni og óbein áhrif með þvagræsingum sem minnkar plasmarúmmál, sem aftur leiðir til aukinnar virkni reníns í plasma, seytingar aldósteróns og kalíumtaps í þvagi, sem og minnkunar á kalíum í sermi.

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Imprida HCT hjá öllum undirhópum barna við frumkomnum háþrýstingi. Sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum.

5.2 Lyfjahvörf

Línulegt samhengi

Lyfjahvörf amlodipins, valsartans og hýdróklórtíaziðs eru línuleg.

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazið

Eftir inntöku Imprida HCT hjá heilbrigðum fullorðnum einstaklingum næst hámarks plasmabéttni amlodipins á 6-8 klukkustundum, valsartans á 3 klukkustundum og hýdróklórtíaziðs á 2 klukkustundum. Hraði og magn frásogs amlodipins, valsartans og hýdróklórtíaziðs úr Imprida HCT er það sama og þegar lyfin eru gefin hvert fyrir sig.

Amlodipin

Frásog: Eftir inntöku ráðlagðra skammta af amlodipini einu sér næst hámarksþéttni amlodipins í plasma á 6-12 klst. Reiknað hefur verið út að heildaraðgengi sé 64% til 80%. Fæðuneysla hefur ekki áhrif á aðgengi amlodipins.

Dreifing: Dreifingarrúmmál er um það bil 21 l/kg. Í *in vitro* rannsóknum á amlodipini hefur verið sýnt fram á að um það bil 97,5% af lyfinu í blóðrásinni eru bundin plasmapróteinum.

Umbrot: Amlodipin umbrotnar mikið (um það bil 90%) í lifur, í óvirk umbrotsefni.

Útskilnaður: Brotthvarf amlodipins úr plasma verður í tveimur köflum og lokahelmingunartími brotthvarfs er um það bil 30 til 50 klst. Jafnvægisþéttni í plasma næst eftir samfellda notkun í 7-8 daga. 10% af amlodipini sjálfu og 60% af umbrotsefnum amlodipins skiljast út í þvagi.

Valsartan

Frásog: Eftir inntöku valsartans eins sér næst hámarksþéttni valsartans í plasma á 2-4 klst. Heildaraðgengi valsartans er að meðaltali 23%. Fæða dregur úr útsetningu (metið á grundvelli AUC) fyrir valsartani um u.þ.b. 40% og minnkar hámarksþéttni í plasma (C_{max}) um u.þ.b. 50%, enda þótt plasmapéttni valsartans sé sambærileg 8 klst. eftir inntöku hjá bæði þeim hópnum sem var fastandi og þeim sem ekki var fastandi. Þessi minnkun AUC tengist hins vegar ekki klínískt marktækri minnkun meðferðarverkunar og því má nota valsartan með mat eða án.

Dreifing: Dreifingarrúmmál valsartans við jafnvægi, eftir notkun í bláæð, er um það bil 17 lítrar, sem bendir til þess að valsartan dreifist ekki mikið til vefja. Valsartan er mikið bundið sermispróteinum (94-97%), einkum albumini í sermi.

Umbrot: Valsartan umbrotnar ekki mikið, því einungis um það bil 20% af gefnum skammti endurheimtist sem umbrotsefni. Lág þéttni hýdroxýumbrotsefnis hefur mælst í plasma (innan við 10% af AUC fyrir valsartan). Þetta umbrotsefni er lyfjafæðilega óvirkt.

Útskilnaður: Brotthvarf valsartans verður einkum í hægðum (um það bil 83% skammtsins) og þvagi (um það bil 13% skammtsins), aðallega í óbreyttu formi. Eftir gjöf í bláæð er úthreinsun valsartans úr plasma um það bil 2 l/klst. og nýrnaúthreinsunin er 0,62 l/klst. (um það bil 30% af heildarúthreinsun). Helmingunartími valsartans er um það bil 6 klst.

Hýdróklórtíazíð

Frásog: Frásog hýdróklórtíazíðs eftir inntöku er hratt (t_{max} um 2 klukkustundir). Aukning í meðaltali AUC er línuleg og í réttu hlutfalli við skammta á meðferðarbilinu.

Áhrif fæðu á frásog hýdróklórtíazíðs, ef einhver eru, hafa lítið klínískt mikilvægi. Heildaraðgengi hýdróklórtíazíðs er 70% eftir inntöku.

Dreifing: Sýnilegt (apparent) dreifingarrúmmál er 4-8 l/kg. Hýdróklórtíazíð í blóðrásinni er bundið próteinum í sermi (40-70%), einkum albúminu í sermi. Hýdróklórtíazíð safnast einnig upp í rauðu blóðkornunum í um það bil 3 faldri þeirri þéttni sem er í plasma.

Umbrot: Hýdróklórtíazíð skilst aðallega út á óbreyttu formi.

Útskilnaður: Helmingunartími útskilnaðar hýdróklórtíazíðs úr plasma er að meðaltali 6 til 15 klst. í endanlega útskilnaðarfasanum. Engin breyting er á lyfjahvörfum hýdróklórtíazíðs eftir endurtekna skammta og uppsöfnun er í lágmarki þegar lyfið er gefið einu sinni á dag. Meira en 95% af skammtinum sem frásogast, skilst út á óbreyttu formi í þvagi. Úthreinsun um nýru verður annars vegar með síun og hins vegar með virkri seytingu inn í nýrnapiplur.

Sérstakir sjúklingahópar

Börn (yngri en 18 ára)

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um lyfjahvörf hjá börnum.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Hámarksþéttni amlodipins í plasma næst á svipuðum tíma hjá ungum og öldruðum sjúklingum. Hjá öldruðum sjúklingum er tilhneiging til hægari úthreinsunar amlodipins sem leiðir til stækkunar flatarmáls undir ferli (AUC) og lengri helmingunartíma brotthvarfs. Meðaltalsgildi almenns (systemic) AUC fyrir valsartan er yfir 70% hærra hjá öldruðum en ungum og skal því gæta varúðar þegar skammtar eru stækkaðir.

Almenn útsetning fyrir valsartani er örlítið meiri hjá öldruðum samanborið við unga einstaklinga, en ekki hefur verið sýnt fram á að þetta sé klínískt mikilvægt.

Takmarkaðar upplýsingar benda til þess að almenn (systemic) úthreinsun hýdróklórtíazíðs sé minni hjá öldruðum, bæði heilbrigðum og þeim sem eru með háþrýsting, samanborið við unga heilbrigða sjálfbóðaliða.

Þar sem öll þrjú virku innihaldsefnin þolast jafn vel hjá yngri og eldri sjúklingum, er ráðlagt að nota venjulega skammta (sjá kafla 4.2).

Skert nýrnastarfsemi

Skert nýrnastarfsemi hefur ekki marktæk áhrif á lyfjahvörf amlodipins. Eins og gera má ráð fyrir varðandi lyf sem um gildir að nýrnaúthreinsun er einungis 30% af heildarúthreinsun úr plasma, kom ekki fram neitt gagnkvæmt samband milli nýrnastarfsemi og almennrar (systemic) útsetningar fyrir valsartani.

Sjúklingar með vægt eða í meðallagi skerta nýrnastarfsemi mega því fá venjulegan upphafsskammt (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Þegar um skerðingu á nýrnastarfsemi er að ræða verður hækkun á meðalgildum hámarksþéttni í plasma og AUC fyrir hýdróklórtíazíð og hraði útskilnaðar með því minni. Hjá sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta nýrnastarfsemi hefur komið fram 3 föld aukning á AUC fyrir hýdróklórtíazíð. Hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi hefur komið fram 8 föld aukning á AUC. Ekki má nota Imprida HCT handa sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi, þvagþurrð eða sem eru í skilunarmeðferð (sjá kafla 4.3).

Skert lifrastarfsemi

Hjá sjúklingum með skerta lifrastarfsemi er úthreinsun amlodipins hægari, sem leiðir til um það bil 40-60% aukningar AUC. Hjá sjúklingum með vægan til í meðallagi alvarlegan, langvarandi lifrarsjúkdóm er útsetning (metið á grundvelli gilda AUC) fyrir valsartani að meðaltali tvöföld á við það sem gerist hjá heilbrigðum sjálfbóðaliðum (parað miðað við aldur, kyn og líkamsþyngd). Skert lifrastarfsemi er frábending við notkun Imprida HCT vegna þess að það inniheldur valsartan (sjá kafla 4.2 og 4.3).

5.3 Forklínískar upplýsingar

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazíð

Í margskonar forklínískum rannsóknum á öryggi sem gerðar voru hjá nokkrum dýrategundum á amlodipini, valsartani, hýdróklórtíazíði, valsartani/hýdróklórtíazíði, amlodipini/valsartani og amlodipini/valsartani/hýdróklórtíazíði (Imprida HCT), kom ekkert fram sem benti til almennra eiturverkana eða eiturverkana á markliffæri sem hafði slæm áhrif á þróun Imprida HCT til klínískrar notkunar hjá mönnum.

Forklínískar rannsóknir á öryggi sem stóðu yfir í allt að 13 vikur voru gerðar á amlodipini/valsartani/hýdróklórtíaziði hjá rottum. Samsetningin olli viðbúinni fækkun rauðra blóðkorna (blóðkorna, blóðrauða, blóðkornaskila og netfrumna), aukningu þvagefnis í sermi, aukningu kreatínins í sermi, aukningu kalíums í sermi, ofvexti juxtaglomerular frumna í nýrum og staðbundnum fleiðrum í kirtilmaga rotta. Allar þessar breytingar gengu til baka eftir 4 vikna batatímabil og voru taldar vera ýkt lyfhrif.

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazið samsetningin var ekki rannsökuð með tilliti til eiturverkana á erfðæfni eða krabbameinsvaldandi áhrifa þar sem ekkert benti til milliverkana milli þessara lyfja, sem hafa lengi verið á markaði. Amlodipin, valsartan og hýdróklórtíazið hafa hins vegar verið rannsökuð hvert í sínu lagi með tilliti til eiturverkana á erfðæfni eða krabbameinsvaldandi áhrifa og voru niðurstöðurnar neikvæðar.

Amlodipin

Eiturverkun á æxlun

Í rannsóknum á æxlun hjá rottum og músum hefur orðið vart við seinkun gots, lengingu hriða og minni lifun unga við skammta u.þ.b. 50 sinnum stærri en hámarks ráðlagður skammtur hjá mönnum, í mg/kg.

Skert frjósemi

Engin áhrif sáust á frjósemi hjá rottum sem fengu amlodipin (karldýr í 64 daga og kvendýr í 14 daga fyrir mökun) í skömmtum allt að 10 mg/kg/dag (8 sinnum* hámarks ráðlagður skammtur hjá mönnum, 10 mg sé miðað við mg/m²). Í annarri rannsókn, þar sem karlkyns rottur fengu amlodipin besilat í 30 daga í skömmtum sambærilegum við skammta hjá mönnum í mg/kg, varð vart við lækkuð gildi eggbússtýrihormóns (follicle-stimulating hormone, FSH) og testósteróns í plasma, auk minnkaðrar þéttni sáðfrumna og minni fjölda þroskaðra sáðfrumna og Sertoli frumna.

Krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi áhrif

Engin merki sáust um krabbameinsvaldandi áhrif hjá rottum og músum sem fengu amlodipin í fæðu í tvö ár í styrk sem dugði til að gefa dagsskammta sem námu 0,5, 1,25 og 2,5 mg/kg/dag. Hæsti styrkurinn (sem hjá músum var svipaður og hámarks ráðlagður klínískur skammtur, 10 mg sé miðað við mg/m², en hjá rottum tvisvar sinnum* stærri) var nálægt hæsta skammti sem þoldist hjá músum, en ekki hjá rottum.

Í rannsóknum á stökkbreytandi áhrifum komu ekki í ljós nein áhrif sem tengdust lyfinu, hvorki á gen né litninga.

*Miðað við að líkamspýngd sjúklings sé 50 kg

Valsartan

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi, eiturverkunum eftir endurtekna skammta, eiturverkunum á erfðæfni og krabbameinsvaldandi áhrifum.

Hjá rottum reyndust skammtar, sem ollu eiturverkunum á mæður (600 mg/kg/dag) og gefnir voru á síðustu dögum meðgöngu og meðan afkvæmin voru höfð á spena, hafa í för með sér skemmri lifun, minni þyngdaraukningu og seinkaðan þroska (los á úteyra og op á hlust) hjá afkvæmum (sjá kafla 4.6). Þessir skammtar hjá rottum (600 mg/kg/dag) samsvara u.þ.b. 18 földum hámarksskammti sem ráðlagður er fyrir menn miðað við mg/m² (útreikningar miðast við að tekinn sé inn 320 mg skammtur á dag og sjúklingurinn sé 60 kg).

Í öðrum rannsóknum á öryggi en klínískum rannsóknum höfðu stórir skammtar af valsartani (200 til 600 mg/kg líkamsþyngdar) hjá rottum í för með sér lækkun á gildum rauðra blóðfrumna (rauð blóðkorn, blóðrauði, blóðkornaskil) og vísbendingar um breytingar á nýrnablóðflæði (lítið eitt aukið þvagefni í plasma og ofvöxt og lútsækni (basophilia) í nýrnapiplum hjá karldýrum). Þessir skammtar hjá rottum (200 til 600 mg/kg/dag) samsvara u.þ.b. 6 og 18 földum hámarksskammti sem ráðlagður er fyrir menn miðað við mg/m² (útreikningar miðast við að tekinn sé inn 320 mg skammtur á dag og sjúklingurinn sé 60 kg).

Í silkiöpum höfðu svipaðir skammtar í för með sér hliðstæðar breytingar, en þó alvarlegri, sérstaklega í nýrunum þar sem breytingarnar þróuðust í nýrnakvilla (nephropathy) sem hafði í för með sér hækkun á þvagefni og kreatíníni.

Ofvöxtur jústaglómérúlarfrumna í nýrum kom einnig fram hjá báðum tegundunum. Allar breytingar voru taldar stafa af lyfjafræðilegri verkun valsartans sem veldur langvarandi lágþrýstingi, sérstaklega hjá silkiöpum. Ofvöxtur jústaglómérúlarfrumna í nýrum virðist ekki skipta neinu máli hjá mönnum sem fá meðferðarskammta af valsartani.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Töflukjarni

Örkristölluð sellulósa

Crospovidon

Vatnsfrí kísilkvoða

Magnesíumsterat

Töfluhúð

Hýprómellósa

Macrogol 4000

Talkúm

Títantvíoxíð (E171)

Gult járnnoxíð (E172)

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymslupól

2 ár

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið ekki við hærri hita en 30°C.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

6.5 Gerð íláts og innihald

PVC/PVDC þynnur. Ein þynna inniheldur 7, 10 eða 14 filmuhúðaðar töflur.

Pakkningastærðir: 14, 28, 30, 56, 90, 98 eða 280 filmuhúðaðar töflur.

Fjölpakkningar með 280 töflum, sem samanstanda af 20 öskjum, sem hver inniheldur 14 töflur.

PVC/PVDC rifgataðar stakskammtaþynnur til notkunar á sjúkrahúsum:

Pakkningastærðir: 56, 98 eða 280 filmuhúðaðar töflur.

Fjölpakkningar með 280 töflum, sem samanstanda af 4 öskjum, sem hver inniheldur 70 töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir eða styrkleikar séu markaðssettir.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Engin sérstök fyrirmæli.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novartis Europharm Limited
Wimblehurst Road
Horsham
West Sussex, RH12 5AB
Bretland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/09/570/025-036

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGAFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

15.10.2009

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um þetta lyf eru birtar á heimasíðu Lyfjastofnunar Evrópu
<http://www.ema.europa.eu>

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>

1. HEITI LYFS

Imprida HCT 10 mg/160 mg/25 mg filmhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

Hver filmhúðuð tafla inniheldur amlodipin 10 mg (sem amlodipinbesylat), valsartan 160 mg og hýdróklórtíazíð 25 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmhúðuð tafla (tafla)

Gulbrúnar, sporöskjulaga töflur með sniðbrún og kúptar á báðum hliðum, auðkenndar með „NVR“ á annarri hliðinni og „VHL“ á hinn hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Meðferð við háþrýstingi af óþekktri orsök (essential hypertension) hjá fullorðnum sjúklingum sem náð hafa viðunandi blóðþrýstingslækkun með amlodipini, valsartani og hýdróklórtíazíði (HCT) hvort sem lyfin eru tekin hvert fyrir sig eða tvö í samsettu lyfjaformi og eitt sér.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Ráðlagður skammtur Imprida HCT er ein tafla á sólarhring, sem helst á að taka að morgni.

Áður en skipt er yfir á meðferð með Imprida HCT á að hafa náðst stjórn á blóðþrýsti sjúklings á stöðugum skammti af hverju innihaldsefni fyrir sig þegar þau eru tekin á sama tíma. Skammtur af Imprida HCT skal grundvallast á skammti hvers innihaldsefnis í samsetningunni fyrir sig á þeim tímapunkti sem skipt er yfir.

Stærsti ráðlagði skammtur af Imprida HCT er 10 mg/320 mg/25 mg.

Viðbótarupplýsingar um sérstaka hópa

Skert nýrnastarfsemi

Ekki þarf að aðlaga upphafsskammt hjá sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.4 og 5.2). Vegna hýdróklórtíazíð innihaldsins má ekki nota Imprida HCT handa sjúklingum með þvagþurrð (sjá kafla 4.3) og handa sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi (gaukulsúnarhraði (GFR) <30 ml/mín./1,73 m²) (sjá kafla 4.3, 4.4 og 5.2).

Skert lifrastarfsemi

Vegna valsartan innihaldsins má ekki nota Imprida HCT handa sjúklingum með alvarlega skerta lifrastarfsemi (sjá kafla 4.3). Um sjúklinga sem eru með vægt til í meðallagi skerta lifrastarfsemi án gallteppu gildir að ráðlagður hámarksskammtur af valsartan er 80 mg og því hentar Imprida HCT ekki þeim sjúklingum (sjá kafla 4.3, 4.4 og 5.2).

Hjartabilun og kransæðasjúkdómur

Takmörkuð reynsla er af notkun Imprida HCT, sérstaklega við hámarksskammt, hjá sjúklingum með hjartabilun og kransæðasjúkdóm. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með hjartabilun og kransæðasjúkdóm, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Gæta skal varúðar og fylgjast oftast með blóðþrýstingi hjá öldruðum sjúklingum, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg, þar sem fyrirbyggjandi gögn um þennan sjúklingahóp eru takmörkuð.

Börn

Notkun Imprida HCT á ekki við hjá börnum (sjúklingar yngri en 18 ára) við ábendingunni háþrýstingur af óþekktri orsök.

Lyfjagjöf

Nota má Imprida HCT með eða án fæðu. Töflurnar á að gleypa í heilu lagi með dálitlu af vatni, á sama tíma sólarhringsins og helst að morgni.

4.3 Frábendingar

- Ofnæmi fyrir virku efnunum, öðrum sulfonamíðafleiðum, dihydropyridinafleiðum eða einhverju hjálparefna.
- Annar og síðasti þriðjungur meðgöngu (sjá kafla 4.4 og 4.6).
- Skert lifrarstarfsemi, gallskorpulífur eða gallteppa.
- Alvarlega skert nýrnastarfsemi (GFR <30 ml/mín./1,73 m²), þvagþurrð, og sjúklingar í skilunarmedferð.
- Þrálát blóðkalíumlækkun, blóðnatríumlækkun, blóðkalsíumhækkun og óhóflega mikið magn þvagsýru í sermi með einkennum.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Sjúklingar með natríumskort og/eða minnkað blóðrúmmál

Verulegur lágþrýstingur, þar með talið réttstöðulágþrýstingur, kom fram hjá 1,7% sjúklinga sem fengu meðferð með hámarksskammti af Imprida HCT (10 mg/320 mg/25 mg) samanborið við 1,8% sjúklinga sem fengu valsartan/hýdróklórtíazið (320 mg/25 mg), 0,4% sjúklinga sem fengu amlodipín/valsartan (10 mg/320 mg) og 0,2% sjúklinga sem fengu hýdróklórtíazið/amlodipín (25 mg/10 mg) í samanburðarrannsókn hjá sjúklingum með í meðallagi alvarlegan eða alvarlegan háþrýsting án fylgikvilla.

Hjá sjúklingum með natríumskort og/eða minnkað blóðrúmmál, svo sem þeim sem fá stóra skammta af þvagræsilyfjum, getur lágur blóðþrýstingur með einkennum komið fyrir þegar meðferð með Imprida HCT er hafin. Imprida HCT skal aðeins nota eftir að natríumskortur og/eða minnkað blóðrúmmál hefur verið leiðrétt.

Komi fram verulegur lágþrýstingur í tengslum við Imprida HCT skal leggja sjúklinginn útaf og ef þess gerist þörf skal gefa jafnþrýstið saltvatn með innrennsli í bláæð. Halda má meðferð áfram þegar blóðþrýstingurinn hefur náð jafnvægi.

Breytingar á söltum í sermi

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazíð

Í samburðarrannsókninni á Imprida HCT jöfnuðust mótverkandi áhrif valsartans 320 mg og hýdróklórtíazíðs 25 mg á kalíum í sermi, um það bil út hjá mörgum sjúklingum. Hjá öðrum sjúklingum voru önnur áhrifin yfirgnæfandi. Mæla skal þéttni salta í sermi með viðeigandi millibili til að greina hugsanlegar breytingar á söltum.

Mæla skal þéttni salta í sermi, og sérstaklega kalíums, reglulega með viðeigandi millibili til að greina hugsanlegt ójafnvægi á blóðsöltum, einkum hjá sjúklingum með aðra áhættuþætti, svo sem skerta nýrnastarfsemi, meðferð með öðrum lyfjum eða sem hafa áður verið með ójafnvægi á blóðsöltum.

Valsartan

Ekki er mælt með samhliða notkun kalíumuppbótar, kalíumsparandi þvagræsilyfja, saltauppbótar sem inniheldur kalíum eða annarra lyfja sem geta aukið þéttni kalíums (heparín o.s.frv.). Fylgjast skal með kalíumþéttni eftir því sem tilefni er til.

Hýdróklórtíazíð

Einungis skal hefja meðferð með Imprida HCT eftir að blóðkalíumlækkun og sérhver samfarandi blóðmagnesiumlækkun hefur verið leiðrétt. Tíazíð þvagræsilyf geta leitt til blóðkalíumlækkunar eða aukið blóðkalíumlækkun sem þegar er til staðar. Nota skal tíazíð þvagræsilyf með varúð hjá sjúklingum sem hafa sjúkdóma sem valda kalíumtapi, t.d. nýrnasjúkdóma sem valda tapi blóðsalta sem og skerta nýrnastarfsemi af völdum hjartasjúkóms. Ef blóðkalíumlækkun kemur fram meðan á meðferð með hýdróklórtíazíði stendur, skal stöðva meðferð með Imprida HCT þar til kalíumþéttni hefur verið leiðrétt og hún helst stöðug.

Tíazíð þvagræsilyf geta leitt til blóðnatríumlækkunar og blóðlýtingar af völdum blóðklóríðlækkunar og þau geta einnig aukið blóðnatríumlækkun sem þegar er til staðar. Blóðnatríumlækkun með einkennum frá taugakerfi (ógleði, vaxandi rugli, sinnuleysi) hefur komið fram. Einungis skal hefja meðferð með hýdróklórtíazíði eftir að blóðnatríumlækkun, sem þegar er til staðar, hefur verið leiðrétt. Ef veruleg eða hröð blóðnatríumlækkun kemur fram meðan á meðferð með Imprida HCT stendur, skal stöðva meðferð þar til þéttni natríums í blóði er aftur orðin eðlileg.

Hafa skal reglulegt eftirlit með jafnvægi blóðsalta, sérstaklega kalíums, natríums og magnesíums, hjá öllum sjúklingum sem fá tíazíð þvagræsilyf.

Skert nýrnastarfsemi

Tíazíð þvagræsilyf geta valdið auknu köfnunarefni í blóði hjá sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm. Þegar Imprida HCT er notað hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi, er ráðlagt að hafa reglulegt eftirlit með þéttni blóðsalta í sermi (þar með talið kalíums), kreatíníns og þvagsýru. Ekki má nota Imprida HCT hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi, þvagþurrð eða sem eru í skilunarmedferð (sjá kafla 4.3).

Ekki þarf að breyta skömmtum Imprida HCT handa sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta nýrnastarfsemi ($GFR \geq 30$ ml/mín./1,73 m²).

Nýrnaslagæðarþrengsli

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun Imprida HCT handa sjúklingum með nýrnaslagæðarþrengsli öðrum eða báðum megin né handa sjúklingum sem eru með eitt nýra og nýrnaslagæðarþrengsli.

Nýrnaígræðsla

Enn sem komið er liggur ekki fyrir nein reynsla af öryggi við notkun Imprida HCT handa sjúklingum sem nýlega hafa gengist undir nýrnaígræðslu.

Skert lifrarstarfsemi

Brotthvarf valsartans verður einkum á óbreyttu formi í galli en amlodipin umbrotnar mikið í lifur. Hjá sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta lifrarstarfsemi án gallteppu, er hámarks ráðlagður skammtur 80 mg af valsartani og því hentar Imprida HCT ekki þessum sjúklingum (sjá kafla 4.2, 4.3 og 5.2).

Hjartabilun og kransæðasjúkdómur

Gera má ráð fyrir að hömlun á renin-angiotensin-aldosteronkerfinu valdi breytingum á nýrnastarfsemi hjá þeim sem eru næmir fyrir slíku. Hjá sjúklingum með alvarlega hjartabilun, en vera má að nýrnastarfsemi þeirra sé háð virkni renin-angiotensin-aldosteronkerfisins, hefur meðferð með angiotensin-converting enzyme (ACE) hemlum og angiotensin viðtakablokkum verið tengd þvagþurrð og/eða versnandi blóðnituraukningu sem (í mjög sjaldgæfum tilvikum) getur leitt til bráðrar nýrnabilunar og/eða dauða. Greint hefur verið frá svipuðum niðurstöðum vegna valsartans.

Í langtíma rannsókn á amlodipini með samanburði við lyfleysu (PRAISE-2) hjá sjúklingum með hjartabilun í NYHA (New York Heart Association Classification) flokkum III og IV, sem ekki var vegna blóðþurrðar, tengdist amlodipin fjölgun tilkynninga um lungnabjúg þrátt fyrir að enginn marktækur munur væri á tíðni versnunar hjartabilunar, samanborið við lyfleysu.

Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með hjartabilun og kransæðasjúkdóm, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg, þar sem upplýsingar um þessa sjúklinga eru takmarkaðar.

Ósæðar- og míturlokupregnsli, ofvaxtarhjärtavöðvakvilli með teppu

Eins og við á um öll önnur æðavíkkandi lyf, skal gæta sérstakrar varúðar hjá sjúklingum með ósæðar-eða míturlokupregnsli eða ofvaxtarhjärtavöðvakvilla með teppu.

Meðganga

Ekki skal hefja meðferð með angiotensin II viðtakablokkum á meðgöngu. Hjá sjúklingum sem fyrirhuga þungun skal skipta yfir á aðra meðferð við háþrýstingi, sem hefur verið staðfest að sé örugg til notkunar á meðgöngu, nema áframhaldandi meðferð með angiotensin II viðtakablokkum sé talin nauðsynleg. Verði kona þunguð skal stöðva meðferð með angiotensin II viðtakablokkum án tafar, og hefja aðra meðferð í staðinn, ef við á (sjá kafla 4.3 og 4.6).

Frumkomið aldosteronheilkenni

Ekki ætti að nota angiotensin II viðtakablokkann valsartan handa sjúklingum með frumkomið aldosteronheilkenni vegna þess að sjúkdómurinn hefur áhrif á renin-angiotensinkerfið. Því er ekki ráðlagt að nota Imprida HCT hjá þessum sjúklingum.

Rauðir úlfar

Greint hefur verið frá því að þvagræsilyf af flokki tíazíða, þ.m.t. hýdróklórtíazíð, geti valdið versnun eða virkjun rauðra úlfa.

Aðrar efnaskiptatruflanir

Þvagræsilyf af flokki tíazíða, þ.m.t. hýdróklórtíazíð, geta breytt sykurþoli og aukið þétni kólesteróls, þriglýseríða og þvagsýru í sermi. Hjá sjúklingum með sykursýki getur þurft að breyta skömmtum insúlíns eða sykursýkislyfja til inntöku.

Vegna hýdróklórtíazíðhlutans, má ekki nota Imprida HCT þegar þvagsýruhækkun í blóði með einkennum er til staðar. Hýdróklórtíazíð getur aukið magn þvagsýru í sermi vegna minnkaðrar úthreinsunar þvagsýru og getur þannig valdið enn meiri þvagsýruhækkun í blóði og þar með þvagsýrugigt hjá sjúklingum sem eru næmir fyrir því.

Tíazíð draga úr útskilnaði kalsíums í þvagi og geta valdið smávægilegri, ósamfelldri hækkun kalsíums í sermi án þess að þekktar truflanir á efnaskiptum kalsíums séu til staðar. Sjúklingar með blóðkalsíumhækkun mega ekki nota Imprida HCT og einungis skal nota það eftir að blóðkalsíumhækkun sem er til staðar hefur verið leiðrétt. Stöðva skal meðferð með Imprida HCT ef blóðkalsíumhækkun kemur fram meðan á meðferð stendur. Hafa skal reglulegt eftirlit með sermisþéttni kalsíums meðan á meðferð með tíazíðum stendur. Veruleg blóðkalsíumhækkun getur bent til dulinnar ofstarfsemi í kalkkirtlum. Hætta skal meðferð með tíazíðum áður en virkni kalkkirtla er rannsökuð.

Ljósnæmi

Greint hefur verið frá tilvikum um ljósnaemisviðbrögð við meðferð með þvagræsilyfjum af flokki tíazíða (sjá kafla 4.8). Ef ljósnaemisviðbrögð koma fram meðan á meðferð með Imprida HCT stendur er mælt með því að stöðva meðferðina. Ef talið er nauðsynlegt að hefja aftur meðferð með þvagræsilyfi, er mælt með því að svæði sem eru útsett fyrir sólarljósi eða tilbúnum UVA geislum séu varin.

Bráð þrönghornsgláka

Í tengslum við notkun hýdróklórtíazíðs, sem er súlfónamíð, hafa komið fram viðbrögð sem leitt hafa til bráðrar tímabundinnar þrengingar ljósops og bráðrar þrönghornsgláku. Einkennið eru m.a. brátt tilkomin minnkuð sjónskerpa eða verkir í augum og yfirleitt koma þau innan nokkurra klukkustunda eða viku frá því að meðferð hefst. Ómeðhöndluð bráð þrönghornsgláka getur leitt til óafturkræfs sjóntaps.

Aðalmeðferðin er að stöðva notkun hýdróklórtíazíðs eins hratt og hægt er. Nauðsynlegt getur verið að íhuga skjóta lyfjameðferð eða skurðaðgerð ef augnþrýstingurinn er áfram hár. Áhættuþættir bráðrar þrönghornsgláku geta m.a. verið saga um ofnæmi fyrir súlfónamíðum og penicillínofnæmi.

Almenn atriði

Gæta skal varúðar hjá sjúklingum sem fengið hafa ofnæmi fyrir öðrum angiotensín II viðtakablokkum. Ofnæmi fyrir hýdróklórtíazíði er líklegra hjá sjúklingum með ofnæmi og astma.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Gæta skal varúðar og fylgjast oftast með blóðþrýstingi hjá öldruðum sjúklingum, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg, þar sem fyrirbyggjandi gögn um þennan sjúklingahóp eru takmörkuð.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar formlegar rannsóknir á milliverkunum við önnur lyf hafa verið gerðar með Imprida HCT Þess vegna eru í þessum kafla einungis tilgreindar milliverkanir við önnur lyf sem þekktar eru fyrir hvert virku innihaldsefnanna fyrir sig.

Engu að síður er mikilvægt að hafa í huga að Imprida HCT getur aukið blóðþrýstingslækkandi áhrif annarra blóðþrýstingslækkandi lyfja.

Samhliða notkun ekki ráðlögð

Innihaldsefni Imprida HCT hvert um sig	Þekktar milliverkanir við eftirtalin lyf	Áhrif milliverkunarinnar við önnur lyf
Valsartan og HCT	Lítíum	Greint hefur verið frá afturkræfri aukningu á sermisþéttni lítíums og eiturverkunum, við samhliða notkun með ACE hemlum og tíazíðum, þar með talið hýdróklórtíazíði. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir reynsla af samhliða notkun valsartans og lítíums er ekki mælt með slíkri samhliða notkun. Ef nauðsynlegt er að nota bæði lyfin er mælt með ítarlegu eftirliti með sermisþéttni lítíums (sjá kafla 4.4).
Valsartan	Kalíumsparandi þvagræsilyf, kalíumuppbót, saltauppbót sem inniheldur kalíum og annað sem getur hækkað kalíumþéttni	Ef samhliða valsartani er talið nauðsynlegt að nota lyf sem hefur áhrif á kalíumþéttni er mælt með tíðu eftirliti með plasmþéttni kalíums.
Amlodipín	Greipaldín eða greipaldínsafi	Notkun amlodípíns með greipaldíni eða greipaldínsafa er ekki ráðlögð vegna þess að aðgengi getur aukist hjá sumum sjúklingum, sem veldur auknum blóðþrýstingslækkandi áhrifum.

Gæta þarf varúðar við samhliða notkun

Innihaldsefni Imprida HCT hvert um sig	Þekktar milliverkanir við eftirtalin lyf	Áhrif milliverkunarinnar við önnur lyf
Amlodipín	<i>CYP3A4</i> hemlar (þ.e. ketoconazol, itraconazol, ritonavir)	Notkun amlodípíns samtímis öflugum eða miðlungi öflugum <i>CYP3A4</i> hemlum (próteasa hemlum, azól sveppalyfjum, makrólíðum svo sem erytrómýsini eða klaritromýsini, verapamíli eða diltiazemi) getur aukið útsetningu fyrir amlodípíni marktækt. Klínísk áhrif þessara breytinga á lyfjahvörfum geta verið meiri hjá öldruðum. Nauðsynlegt getur verið að fylgjast með sjúklingum og breyta skammtastærðum.
	<i>CYP3A4</i> hvatar (flogaveikilyf [t.d. carbamazepín, fenobarbítal, fenytoín, fosfenytoín, primidón], rifampícín, <i>Hypericum perforatum</i> [jóhannesarjurt])	Engin gögn liggja fyrir um áhrif <i>CYP3A4</i> -hvata á amlodipín. Samtímis notkun <i>CYP3A4</i> -hvata (t.d. rifampícín, <i>Hypericum perforatum</i>) getur leitt til minnkaðrar plasmþéttni amlodípíns. Gæta skal varúðar við samtímis notkun amlodípíns og <i>CYP3A4</i> -hvata.
	<i>Simvastatín</i>	Samhliða notkun endurtekinna 10 mg skammta af amlodípíni og 80 mg af simvastatíni olli 77% aukningu á útsetningu fyrir simvastatíni samanborið við notkun simvastatíns eins sér. Ráðlagt er að takmarka skammt simvastatíns við 20 mg á sólarhring hjá sjúklingum á meðferð með amlodípíni.

	<i>Dantrolen (innrennsli)</i>	Vart hefur orðið við banvænt sleglatif og lost vegna hjartaáfalls í tengslum við hækkun kalíums í blóði eftir gjöf verapamíls og dantrolens í æð hjá dýrum. Vegna hættu á hækkun kalíums í blóði er mælt með því að forðast samtímis gjöf kalsíumgangaloka svo sem amlodipíns hjá sjúklingum sem eiga á hættu að fá illkynja háhita (malignant hyperthermia) og við meðhöndlun illkynja háhita.
Valsartan og HCT	<i>Bólgueyðandi verkjalyf (NSAID), þ.m.t. sértækir cyklóoxýgenasa-2 hemlar (COX-2 hemlar), acetylsalicylsýra (>3 g/sólarhring) og ósértæk bólgueyðandi verkjalyf (NSAID)</i>	Bólgueyðandi verkjalyf geta aukið blóðþrýstingslækkandi áhrif bæði angiotensín II viðtakablokka og hýdróklórtíazíðs þegar þau eru gefin samhliða. Ennfremur getur samhliða notkun Imprida HCT og bólgueyðandi verkjalyfja leitt til versunar nýrnastarfsemi og aukið sermispéttni kalíums. Því er mælt með að í upphafi meðferðar sé fylgst með nýrnastarfsemi og þess gætt að sjúklingurinn fái nægan vökva.
Valsartan	<i>Hemlar á upptökuflutningsprótein (rifampicin, ciclosporin) eða útflæðisflutningsprótein (ritonavir)</i>	Niðurstöður <i>in vitro</i> rannsókna á lifrarvef úr mönnum benda til þess að valsartan sé hvarfefni upptökuflutningspróteinsins OATP1B1 og útflæðisflutningspróteinsins MRP2, í lifrarfrumum. Samhliða notkun með hemlum á upptökuflutningsprótein (rifampicin, ciclosporin) eða útflæðisflutningsprótein (ritonavir) getur aukið útsetningu fyrir valsartani.
HCT	<i>Áfengi, barbitúröt og ávanabindandi verkjalyf</i>	Samhliða gjöf tíazíð þvagræsilyfja og efna sem einnig hafa blóðþrýstingslækkandi áhrif (t.d. með því að draga úr adrenavirkni í miðtaugakerfinu eða með því að hafa bein æðavíkkandi áhrif) getur aukið stöðubundinn lágþrýsting.
	<i>Amantadin</i>	Tíazíð, þ.m.t. hýdróklórtíazíð, geta aukið hættu á aukaverkunum af völdum amantadins.
	<i>Andkólinvirk lyf og önnur lyf sem hafa áhrif á hreyfingar meltingarvegar</i>	Andkólinvirk lyf (t.d. atropín, biperíden) geta aukið aðgengi þvagræsilyfja af flokki tíazíða, vegna minni hreyfinga meltingarvegar og hægari magatæmingar. Hins vegar er búist við að lyf sem auka hreyfingar meltingarvegarins, svo sem cisapríd, geti dregið úr aðgengi þvagræsilyfja af flokki tíazíða.
	<i>Lyf við sykursýki (t.d. insúlín og sykursýkilyf til inntöku)</i> – <i>Metformín</i>	Tíazíð geta breytt sykurþoli. Nauðsynlegt getur verið að aðlaga skammta sykursýkilyfja. Gæta skal varúðar við notkun metformíns vegna hættu á mjólkursýrublóðsýringu af völdum mögulegrar starfrænnar nýrnabilunar í tengslum við notkun hýdróklórtíazíðs.
	<i>Beta-blokkar og diazoxíd</i>	Samhliða notkun þvagræsilyfja af flokki tíazíða, þ.m.t. hýdróklórtíazíðs, og beta-blokka getur aukið hættuna á blóðsykurshækkun. Þvagræsilyf af flokki tíazíða, þ.m.t. hýdróklórtíazíð, geta aukið blóðsykurshækkandi áhrif diazoxíds.
	<i>Ciclosporín</i>	Samhliða meðferð með ciclosporíni getur aukið hættu á óhóflega miklu magni þvagsýru í sermi og þvagsýrugigtarkvillum.

<i>Frumueyðandi lyf</i>	Tíazið, þ.m.t. hýdróklórtíazið, geta minnkað útskilnað frumueyðandi lyfja (t.d. cyclofosamid, metotrexat) um nýru og aukið mergbælandi áhrif þeirra.
<i>Digitalisglýkósíðar</i>	Blóðkalíumlækkun eða blóðmagnesiumlækkun af völdum tíaziða geta komið fram sem aukaverkanir og aukið hættu á hjartsláttartruflunum af völdum digitalis.
<i>Skuggaefni sem innihalda joð</i>	Við vökvaskort vegna þvagræsimeðferðar er aukin hætta á bráðri nýrnabilun, sérstaklega þegar um er að ræða stóra skammta af skuggaefnum sem innihalda joð. Leiðréttu skal vökvajafnvægi fyrir gjöf skuggaefnisins.
<i>Jónaskiptaresín</i>	Colestyramin og colestipol draga úr frásogi tíazið þvagræsilyfja, þ.m.t. hýdróklórtíaziðs. Þetta getur leitt til þess að meðferðaráhrif tíazið þvagræsilyfja náist ekki. Hins vegar, ef skömmtun hýdróklórtíaziðs og resína er sett þannig upp að hýdróklórtíazið sé gefið að minnsta kosti 4 klst. áður eða 4-6 klst. eftir að resín eru gefin, gæti það haldið þessari milliverkun í lágmarki.
<i>Lyf sem hafa áhrif á kalíumpéttni í sermi</i>	Samhliða gjöf kalíumlosandi þvagræsilyfja, barkstera, hægðalyfja, ACTH (adrenocorticotropic hormone), amfotericins, carbenoxolons, penicillins G og salicylsýruafleiða eða lyfja við hjartsláttaróreglu geta aukið kalíumlækkandi áhrif hýdróklórtíaziðs. Ef nota á þessi lyf ásamt samsetningu amlodipins/valsartans/hýdróklórtíaziðs er mælt með að fylgst sé með kalíumpéttni í plasma.
<i>Lyf sem hafa áhrif á natríumpéttni í sermi</i>	Áhrif þvagræsilyfja til blóðnatríumlækkunar geta aukist við samhliða gjöf lyfja svo sem þunglyndislyfja, geðrofslyfja, flogaveikilyfja o.s.frv. Gæta skal varúðar við langtímanotkun þessara lyfja.
<i>Lyf sem gætu valdið torsades de pointes</i>	Vegna hættu á blóðkalíumlækkun skal gefa hýdróklórtíazið með varúð þegar það er gefið í tengslum við lyf sem geta valdið <i>torsades de pointes</i> , sérstaklega lyf við hjartsláttaróreglu í flokki Ia og flokki III og sum geðrofslyf.
<i>Lyf til meðferðar við þvagsýrugigt (probenecid, sulfipyrazon og allopurinol)</i>	Aðlögun á skammti lyfja sem auka útskilnað þvagsýru getur verið nauðsynleg vegna þess að hýdróklórtíazið getur aukið sermispéttni þvagsýru. Nauðsynlegt getur verið að stækka skammta probenecids eða sulfipyrazons. Samhliða notkun með þvagræsilyfjum af flokki tíaziða, þ.m.t. hýdróklórtíaziði, getur aukið tíðni ofnæmis fyrir allopurinoli.
<i>Metyldopa</i>	Greint hefur verið frá einstökum tilvikum um blóðlýsublóðleysi hjá sjúklingum á samhliða meðferð með hýdróklórtíaziði og metyldopa.
<i>Vöðvaslakandi lyf sem ekki valda afskautun (t.d. tubocurarin)</i>	Tíazið, þ.m.t. hýdróklórtíazið, auka verkun curareafleiðna.

<i>Önnur lyf við háum blóðþrýstingi</i>	Tíazið auka blóðþrýstingslækkandi verkun annara blóðþrýstingslækkandi lyfja (t.d. guanetidíns, metýldópa, betablokka, æðavíkkandi lyfja, kalsíumgangaloka, ACE hemla, angíótensín viðtakahemla og renínhemla með beina verkun).
<i>Blóðþrýstingshækkandi amín (t.d. noradrenalín og adrenalín)</i>	Hýdróklórtíazið geta dregið úr svörun við blóðþrýstingslækkandi amínnum svo sem noradrenalíni. Klínískt mikilvægi þessara áhrifa er ekki fullþekkt og ekki nægilega mikið til þess að útiloka notkun þeirra.
<i>D-vítamín og kalsíumsölt</i>	Samhliða notkun þvagræsilyfja af flokki tíaziða, þ.m.t. hýdróklórtíaziðs, og D-vítamíns eða kalsíumsalta getur aukið hækkun á þéttni kalsíums í sermi. Samhliða notkun þvagræsilyfja af flokki tíaziða getur leitt til blóðkalsíumhækkunar hjá sjúklingum sem eru útsettir fyrir blóðkalsíumhækkun (t.d. vegna kalkvakaóhöfs, illkynja sjúkdóms eða D-vítamín miðlaðs sjúkdómsástands) með því að auka endurupptöku kalsíums í nýrnapiplum.

Engar milliverkanir

Innihaldsefni Imprida HCT hvert um sig	Þekktar milliverkanir við eftirtalin lyf	Áhrif milliverkunarinnar við önnur lyf
Valsartan	<i>Önnur</i> (cimetidin, warfarin, furosemíð, digoxin, atenolol, indometacin, hýdróklórtíazið, amlodipin, glibenclamid)	Í rannsóknum á lyfjamilliverkunum með valsartani einu og sér hefur engar milliverkana sem máli skipta í klínísku tilliti orðið vart milli valsartans og einhvers eftirfarandi lyfja: cimetidin, warfarin, furosemíð, digoxin, atenolol, indometacin, hýdróklórtíazið, amlodipin, glibenclamid. Sum þessara lyfja geta milliverkað við hýdróklórtíazið hluta Imprida HCT (sjá milliverkanir sem tengjast HCT).
Amlodipin	<i>Annað</i>	Amlodipin hafði ekki áhrif á lyfjahvörf atorvastatíns, digoxíns, warfaríns eða ciclosporíns í klínískum rannsóknum á milliverkunum.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Amlodipin

Öryggi við notkun amlodipíns á meðgöngu er ekki þekkt. Í dýrarannsóknum sáust eitiráhrif á æxlun við háa skammta (sjá kafla 5.3). Notkun á meðgöngu er aðeins ráðlögð ef ekki finnst annar öruggur meðferðarmöguleiki og ef sjálfur sjúkdómurinn hefur í för með sér meiri hættu fyrir heilsu móðurinnar og fóstursins.

Valsartan

Notkun angiotensin II viðtakablokka er ekki ráðlögð á fyrsta þriðjungi meðgöngu (sjá kafla 4.4). Ekki má nota angiotensin II viðtakablokka á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu (sjá kafla 4.3 og 4.4).

Niðurstöður faraldsfræðilegra rannsókna á hættu á vansköpunum í kjölfar útsetningar fyrir ACE hemlum á fyrsta þriðjungi meðgöngu hafa ekki staðfest slíka hættu. Þó er ekki hægt að útiloka lítilliga aukna áhættu. Á meðan engar niðurstöður liggja fyrir úr faraldsfræðilegum samanburðarrannsóknum hvað varðar áhættu í tengslum við notkun angiotensin II viðtakablokka, má vera að svipuð hætta sé til staðar fyrir þennan lyfjaflokk. Sjúklingum sem fyrirhuga þungun skal skipta yfir á aðra meðferð við háþrýstingi, sem hefur verið staðfest að sé örugg til notkunar á meðgöngu, nema áframhaldandi meðferð með angiotensin II viðtakablokkum sé talin nauðsynleg. Verði kona þunguð skal stöðva meðferð með angiotensin II viðtakablokkum án tafar, og hefja aðra meðferð í staðinn, ef við á.

Þekkt er að útsetning fyrir angiotensin II viðtakablokkum á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu eykur líkur á fósturskemmdum (skertri nýrnastarfsemi, legvatnsbresti, seinkaðri beinmyndun höfuðkúpu) og eiturverkunum á nýbura (nýrnabilun, lágþrýstingi, kalíumhækkun í blóði) (sjá kafla 5.3).

Hafi þunguð kona notað angiotensin II viðtakablokka á öðrum eða síðasta þriðjungi meðgöngu er mælt með ómskoðun á nýrnastarfsemi og höfuðkúpu.

Börn mæðra sem notuðu angiotensin II viðtakablokka á meðgöngu skulu vera undir nánu eftirliti hvað varðar lágþrýsting (sjá kafla 4.3 og 4.4).

Hýdróklórtíazíð

Takmörkuð reynsla er af meðferð með hýdróklórtíazíði á meðgöngu, einkum á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Dýrarránnóknir eru ófullnægjandi.

Hýdróklórtíazíð fer yfir fylgju. Á grundvelli lyfjafræðilegs verkunarháttar hýdróklórtíazíðs getur notkun þess á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu haft áhrif á flæði milli fósturs og fylgju og getur m.a. valdið gulu, truflunum á saltajafnvægi og blóðflagnafæð hjá föstri eða nýbura.

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazíð

Engin reynsla er af notkun Imprida HCT hjá þunguðum konum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um innihaldsefnið er notkun Imprida HCT ekki ráðlögð á fyrsta þriðjungi meðgöngu og lyfið má alls ekki nota á öðrum og þriðja þriðjungi meðgöngu (sjá kafla 4.3 og 4.4).

Brjóstagið

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun valsartans og/eða amlodipins við brjóstagið.

Hýdróklórtíazíð skilst í litlu magni út í brjóstamjólk. Stórir skammtar af tíazíðum sem valda mikið auknum þvaglátum geta hamlað mjólkurmyndun. Ekki er mælt með að nota Imprida HCT meðan barn er haft á brjósti. Ef konur sem hafa barn á brjósti nota Imprida HCT skal nota eins litla skammta og hægt er. Æskilegra er að nota aðra meðferð þar sem nánari upplýsingar um öryggi hjá konum með barn á brjósti liggja fyrir um, einkum þegar um er að ræða brjóstagið handa nýburum eða fyrirburum.

Frjósemi

Engar klínískar frjósemisránnóknir hafa verið gerðar með Imprida HCT.

Valsartan

Valsartan hafði engar aukaverkanir á æxlunarþæfni rotta, hvorki karlkyns né kvenkyns, við skammta til inntöku sem voru allt að 200 mg/kg/sólarhring. Sá skammtur er 6 faldur ráðlagður hámarksskammtur fyrir menn miðað við mg/m² (útreikningar miðast við 320 mg sólarhringsskammt til inntöku og 60 kg sjúkling).

Amlodipin

Tilkynnt hefur verið um afturkræfar lífefnafræðilegar breytingar í höfði sáðfruma hjá sumum sjúklingum sem hafa fengið kalsíumgangaloka. Klínískar niðurstöður varðandi hugsanleg áhrif amlodipins á frjósemi eru ófullnægjandi. Í einni rannsókn á rottum komu í ljós áhrif á frjósemi hjá karldýrum (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna áhrif lyfsins á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Við akstur og notkun véla skal haft í huga að stundum geta komið fram sundl og þreyta.

4.8 Aukaverkanir

Neðangreindar upplýsingar varðandi öryggi Imprida HCT byggjast á klínískum rannsóknum sem gerðar hafa verið á Imprida HCT og þekktum upplýsingum um öryggi hvers innihaldsefnis fyrir sig, þ.e. amlodipins, valsartans og hýdróklórtíazíðs.

Upplýsingar um Imprida HCT

Lagt hefur verið mat á öryggi Imprida HCT við hámarksskammt þess, sem er 10 mg/320 mg/25 mg, í einni skammtíma (8 vikna) klínískri samanburðarrannsókn hjá 2.271 sjúklingi þar af fengu 582 valsartan í samsetningu með amlodipini og hýdróklórtíazíði. Aukaverkanir voru almennt vægar og tímabundnar og sjaldan þurfti að hætta meðferð vegna þeirra. Í þessari klínísku samanburðarrannsókn með virkum samanburði voru sundl og lágþrýstingur (0,7%) algengustu ástæður þess að hætta þurfti meðferð með Imprida HCT.

Í klínísku samanburðarrannsókninni sem stóð yfir í 8 vikur komu ekki fram neinar nýjar marktækar eða óvæntar aukaverkanir af þriggja lyfja meðferðinni samanborið við þekktar aukaverkanir af meðferð með lyfjunum einum sér eða tveggja lyfja samsetningum.

Í klínísku samanburðarrannsókninni sem stóð yfir í 8 vikur voru breytingar á rannsóknastofugildum sem komu fram í tengslum við Imprida HCT samsetninguna, minniháttar og í samræmi við lyfjafræðilegan verkunarmáta lyfjanna hvers fyrir sig. Valsartan hlutinn í þriggja lyfja samsetningunni dró úr blóðkalíumlækkandi áhrifum hýdróklórtíazíðs.

Eftirtaldar aukaverkanir, sem tilgreindar eru samkvæmt MedDRA flokkun eftir líffærum og tíðni, tengjast Imprida HCT (amlodipin/valsartan/HCT) og amlodipini, valsartani og HCT hverju fyrir sig. Mjög algengar: $\geq 1/10$, algengar: $\geq 1/100$ til $< 1/10$, sjaldgæfar: $\geq 1/1.000$ til $< 1/100$, mjög sjaldgæfar: $\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$, koma örsjaldan fyrir: $< 1/10.000$, tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

MedDRA flokkun eftir líffærum	Aukaverkanir	Tíðni	Amlodipín	Valsartan	HCT
		Imprida HCT			
Blóð og eitlar	Kyrningaleysi, beinmergsbæling	--	--	--	Koma örsjaldan fyrir
	Lækkun blóðrauða og blóðkornaskila	--	--	Tíðni ekki þekkt	--
	Rauðalosblóðleysi	--	--	--	Koma örsjaldan fyrir
	Hvítfrumnafæð	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Koma örsjaldan fyrir
	Daufkyrningafæð	--	--	Tíðni ekki þekkt	--
	Blóðflagnafæð, stundum ásamt purpura	--	Koma örsjaldan fyrir	Tíðni ekki þekkt	Mjög sjaldgæfar
	Vanmyndunarblóðleysi	--	--	--	Tíðni ekki þekkt
Ónæmiskerfi	Ofnæmi	--	Koma örsjaldan fyrir	Tíðni ekki þekkt	Koma örsjaldan fyrir
Efnaskipti og næring	Lystarleysi	Sjaldgæfar	--	--	--
	Blóðkalsíumhækkun	Sjaldgæfar	--	--	Mjög sjaldgæfar
	Blóðsykurshækkun	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Mjög sjaldgæfar
	Blóðfituhækkun	Sjaldgæfar	--	--	--
	Þvagsýruhækkun	Sjaldgæfar	--	--	Algengar
	Blóðlýting af völdum blóðklóríðlækkunar	--	--	--	Koma örsjaldan fyrir
	Blóðkalíumlækkun	Algengar	--	--	Mjög algengar
	Blóðmagnesiumlækkun	--	--	--	Algengar
	Blóðnatríumlækkun	Sjaldgæfar	--	--	Algengar
	Versnun sykkurefnaskipta	--	--	--	Mjög sjaldgæfar
Geðræn vandamál	Þunglyndi	--	--	--	Mjög sjaldgæfar
	Svefnleysi/svefntruflanir	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Mjög sjaldgæfar
	Skapsveiflur	--	Sjaldgæfar	--	

Taugakerfi	Röskun á samhæfingu	Sjaldgæfar	--	--	--
	Sundl	Algengar	Algengar	--	Mjög sjaldgæfar
	Stöðubundið sundl, sundl við áreynslu	Sjaldgæfar	--	--	--
	Breytingar á bragðskyni	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Utanstrýtuheilkenni	--	Tíðni ekki þekkt	--	--
	Höfuðverkur	Algengar	Algengar	--	Mjög sjaldgæfar
	Ofstæling	--	Koma örsjaldan fyrir	--	--
	Þróttleysi	Sjaldgæfar	--	--	--
	Dofi/náladofi	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Mjög sjaldgæfar
	Úttaugakvilli, taugakvilli	Sjaldgæfar	Koma örsjaldan fyrir	--	--
	Svefnhöfgi	Sjaldgæfar	Algengar	--	--
	Yfirlið	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Skjálfti	--	Sjaldgæfar	--	--
Augu	Bráð þrönghornsgláka	--	--	--	Tíðni ekki þekkt
	Sjónskerðing	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Mjög sjaldgæfar
Eyru og vöfundarhús	Suð fyrir eyrum	--	Sjaldgæfar	--	--
	Svimi	Sjaldgæfar	--	Sjaldgæfar	--
Hjarta	Hjartsláttarónot	--	Algengar	--	--
	Hraðsláttur	Sjaldgæfar	--	--	--
	Hjartsláttartruflanir (þar með talið hægsláttur, sleglahraðsláttur og gáttatíf)	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Mjög sjaldgæfar
	Hjartadrep	--	Koma örsjaldan fyrir	--	--
Æðar	Roði í húð	--	Algengar	--	--
	Lágþrýstingur	Algengar	Sjaldgæfar	--	--
	Réttstöðulágþrýstingur	Sjaldgæfar	--	--	Algengar
	Bláæðabólga, segabláæðabólga	Sjaldgæfar	--	--	--
	Æðabólga	--	Koma örsjaldan fyrir	Tíðni ekki þekkt	--
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	Hósti	Sjaldgæfar	Koma örsjaldan fyrir	Sjaldgæfar	--
	Mæði	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Andnauð, lungnabjúgur, lungnabólga	--	--	--	Koma örsjaldan fyrir
	Nefslímubólga	--	Sjaldgæfar	--	--
	Erting í hálsi	Sjaldgæfar	--	--	--

Meltingarfæri	Óþægindi í kvið, verkir í efri hluta kviðar	Sjaldgæfar	Algengar	Sjaldgæfar	Mjög sjaldgæfar
	Slæm lykt frá munni	Sjaldgæfar	--	--	--
	Breyting á hægðavenjum	--	Sjaldgæfar	--	--
	Hægðatregða	--	--	--	Mjög sjaldgæfar
	Minnkuð matarlyst	--	--	--	Algengar
	Niðurgangur	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Mjög sjaldgæfar
	Munnþurrkur	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Meltingartruflanir	Algengar	Sjaldgæfar	--	--
	Magabólga	--	Koma örsjaldan fyrir	--	--
	Ofvöxtur tannholds	--	Koma örsjaldan fyrir	--	--
	Ógleði	Sjaldgæfar	Algengar	--	Algengar
	Brisbólga	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Koma örsjaldan fyrir
	Uppköst	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Algengar
Lifur og gall	Hækkun lifrarensíma, þ.m.t. bilirubins í sermi	--	Koma örsjaldan fyrir	Tíðni ekki þekkt	--
	Lifrabólga	--	Koma örsjaldan fyrir	--	--
	Gallteppa í lifur, gula	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Mjög sjaldgæfar
Húð og undirhúð	Hárlos	--	Sjaldgæfar	--	
	Ofsabjúgur	--	Koma örsjaldan fyrir	Tíðni ekki þekkt	--
	Viðbrögð í húð sem líkjast rauðum úlfum, endurvakning á rauðum úlfum í húð	--	--	--	Koma örsjaldan fyrir
	Regnbogaróðabot	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Tíðni ekki þekkt
	Útbot	--	Sjaldgæfar	--	--
	Ofsvitnun	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Þjósnaemisviðbrögð*	--	--	--	Mjög sjaldgæfar
	Kláði	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	Tíðni ekki þekkt	--
	Purpuri	--	Sjaldgæfar	--	Mjög sjaldgæfar
	Útbrot	--	Sjaldgæfar	Tíðni ekki þekkt	Algengar
	Mislitun húðar	--	Sjaldgæfar	--	--
	Ofsakláði og annars konar útbrot	--	Koma örsjaldan fyrir	--	Algengar
	Æðabólga með drep og drep í húðþekju	--	--	--	Koma örsjaldan fyrir

Stoðkerfi og stoðvefur	Liðverkir	--	Sjaldgæfar	--	--
	Bakverkur	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Liðbólгур	Sjaldgæfar	--	--	--
	Vöðvakippir	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Tíðni ekki þekkt
	Vöðvaslappleiki	Sjaldgæfar	--	--	--
	Vöðvaverkir	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	Tíðni ekki þekkt	--
	Verkir í útlimum	Sjaldgæfar	--	--	--
Nýru og þvaggfæri	Aukning kreatínins í sermi	Sjaldgæfar	--	Tíðni ekki þekkt	--
	Truflun á þvagliátum		Sjaldgæfar		
	Næturmiga	--	Sjaldgæfar	--	--
	Óeðlilega tíð þvagliát	Algengar	Sjaldgæfar		
	Skert nýrnastarfsemi	--	--	--	Tíðni ekki þekkt
	Bráð nýrnabilun	Sjaldgæfar	--	--	Tíðni ekki þekkt
	Nýrnabilun og skert nýrnastarfsemi	--	--	Tíðni ekki þekkt	Mjög sjaldgæfar
Æxlunarfæri og brjóst	Getuleysi	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Algengar
	Brjóstastækkun hjá körlum		Sjaldgæfar	--	--
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Gangstol, gangtruflanir	Sjaldgæfar	--	--	--
	Þróttleysi	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	Tíðni ekki þekkt
	Vanlíðan, slappleiki	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Þreyta	Algengar	Algengar	Sjaldgæfar	--
	Brjóstverkur sem ekki tengist hjarta	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Þjúgur	Algengar	Algengar	--	--
	Verkir	--	Sjaldgæfar	--	--
	Hiti	--	--	--	Tíðni ekki þekkt
Rannsóknaniðurstöður	Aukning lípiða		--		Mjög algengar
	Aukning köfnunarefnis úr þvagefni í blóði (BUN)	Sjaldgæfar	--	--	--
	Aukin þvagsýra í blóði	Sjaldgæfar	--	--	
	Sykurmiga				Mjög sjaldgæfar
	Kalíumlækkun í sermi	Sjaldgæfar	--	--	--
	Kalíumhækkun í sermi	--	--	Tíðni ekki þekkt	--
	Þyngdaraukning	Sjaldgæfar	Sjaldgæfar	--	--
	Þyngdartap	--	Sjaldgæfar	--	--

* Sjá kafla 4.4 Ljósæmi

4.9 Ofskömmtnun

Einkenni

Engar upplýsingar liggja fyrir um ofskömmtnun með Imprida HCT. Helsta einkenni ofskömmtnunar með valsartani er hugsanlega mikill lágþrýstingur með sundli. Ofskömmtnun með amlodipini getur leitt til mikillar útlægrar æðavíkkunar og hugsanlega hraðsláttar vegna þess. Greint hefur verið frá umtalsverðum og hugsanlega langvinnnum lágþrýstingi sem getur meðal annars endað í losti og verið banvænn, í tengslum við meðferð með amlodipini.

Meðferð

Amlodipin/Valsartan/Hýdróklórtíazið

Klínískt marktækur lágþrýstingur vegna ofskömmtnunar með Imprida HCT krefst inngríps til stuðnings við hjarta og blóðrás, þ.m.t. ört eftirlit með hjartastarfsemi og öndun, útlimum haldið í hárrí stellingu og eftirlit með blóðrúmmáli og þvagmyndun. Æðaherþandi lyf gæti komið að gagni við að ná upp æðaspennu og blóðþrýstingi, svo framarlega sem ekki er frábending fyrir slíkri notkun. Gjóf kalsíumglúkónats í bláæð gæti komið að gagni við að snúa við áhrifum af lokun kalsíumganga.

Amlodipin

Ef skammt er um liðið frá því lyfið var tekið inn má íhuga að framkalla uppköst eða beita magaskolun. Sýnt hefur verið fram á að gjóf lyfjakola handa heilbrigðum sjálfboðaliðum tafarlaust eða allt að tveimur klst. eftir inntöku amlodipins, dregur marktækt úr frásogi amlodipins. Ólíklegt er að hægt sé að fjarlægja amlodipin með blóðskilun.

Valsartan

Ólíklegt er að hægt sé að fjarlægja valsartan með blóðskilun.

Hýdróklórtíazið

Ofskömmtnun með hýdróklórtíaziði tengist minnkun á blóðsöltum (blóðkalíumlækkun, blóðklóríðalækkun) og ofþornun vegna mikillar þvagræsingar. Algengustu einkenni ofskömmtnunar eru ógleði og svefnhöfði. Blóðkalíumlækkun getur valdið vöðvakippum og/eða áberandi hjartsláttartruflunum í tengslum við samhliða notkun með digitalis glýkósíðum eða ákveðnum lyfjum við hjartsláttartruflunum.

EKKI hefur verið ákvarðað að hve miklu leyti hægt sé að fjarlægja hýdróklórtíazið með blóðskilun.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Angiotensín II viðtakablokkar, óblandaðir (valsartan), í samsetningu með dihydropyridínafleiðum (amlodipin) og þvagræsilyfjum af flokki tíaziða (hýdróklórtíazið), ATC flokkur: C09DX01.

Í Imprida eru þrjú blóðþrýstingslækkandi lyf sem með mismunandi verkunarmáta lækka blóðþrýsting hjá sjúklingum með frumkominn háþrýsting: Amlodipin tilheyrir flokki kalsíumgangaloka, valsartan tilheyrir flokki angiotensín II viðtakablokka og hýdróklórtíazið tilheyrir þvagræsilyfjum af flokki tíaziða. Samsetning þessara lyfja hefur samleggjandi blóðþrýstingslækkandi verkun.

Amlodipin/Valsartan/Hýdróklórtíazíð

Imprida HCT var rannsakað í tvíblindri samanburðarrannsókn með virkum samanburði hjá sjúklingum með háþrýsting. Samtals 2.271 sjúklingur með í meðallagi alvarlegan eða alvarlegan háþrýsting (meðal slagbils-/þanbilsþrýstingur var 170/107 mmHg) fékk meðferð með amlodipini/valsartani/hýdróklórtíazíði 10 mg/320 mg/25 mg, valsartani/hýdróklórtíazíði 320 mg/25 mg, amlodipini/valsartani 10 mg/320 mg eða hýdróklórtíazíði/amlodipini 25 mg/10 mg. Í upphafi rannsóknarinnar fengu sjúklingarnir ávísað lægri skömmtum af samsetningunni sem þeir fengu meðferð með og voru skammtarnir auknir smám saman þar til fullum meðferðarskammti var náð á 2. viku.

Á 8. viku var meðal lækun á slagbils-/þanbilsþrýstingi 39,7/24,7 mmHg hjá þeim sem fengu Imprida HCT, 32,0/19,7 mmHg hjá þeim sem fengu valsartan/hýdróklórtíazíð, 33,5/21,5 mmHg hjá þeim sem fengu amlodipin/valsartan og 31,5/19,5 mmHg hjá þeim sem fengu amlodipin/hýdróklórtíazíð. Meðferðin með þriggja lyfja samsetningunni hafði tölfræðilega yfirburði yfir meðferð með öllum þremur tveggja lyfja samsetningunum hvað varðar lækun á þanbils- og slagbilsþrýstingi. Lækun slagbils-/þanbilsþrýstings hjá þeim sem fengu Imprida HCT var 7,6/5,0 mmHg meiri en hjá þeim sem fengu valsartan/hýdróklórtíazíð, 6,2/3,3 mmHg meiri en hjá þeim sem fengu amlodipin/valsartan og 8,2/5,3 mmHg meiri en hjá þeim sem fengu amlodipin/hýdróklórtíazíð. Hámarks blóðþrýstingslækkandi áhrif komu fram 2 vikum eftir að meðferð með hámarksskammti af Imprida HCT hófst. Tölfræðilega herra hlutfall sjúklinga náði stjórn á blóðþrýstingi (<140/90 mmHg) með Imprida HCT (71%) samanborið við allar hinar þrjár tveggja lyfja meðferðirnar, hverja fyrir sig (45-54%) ($p < 0,0001$).

Þegar sjónum var beint að skráningu ferliblóðþrýstings með sirita (ambulatory blood pressure monitoring), hjá undirhópi 283 sjúklinga, komu fram klínískir og tölfræðilegir yfirburðir hvað varðar lækun á 24 klukkustunda slagbils- og þanbilsþrýstingi hjá þeim sem fengu þriggja lyfja meðferðina, samanborið við meðferð með valsartani/hýdróklórtíazíði, valsartani/amlodipini og hýdróklórtíazíði/amlodipini.

Amlodipin

Virka innihaldsefnið amlodipin í Imprida HCT kemur í veg fyrir að kalsíumjónir komist yfir himnur inn í slétta vöðva í hjarta og æðum. Blóðþrýstingslækkandi verkun amlodipins verður vegna beinna slakandi áhrifa á slétta vöðva í æðum, sem dregur úr mótstöðu í útlægum æðum og blóðþrýstingi. Upplýsingar úr rannsóknum benda til þess að amlodipin bindist bæði við bindiset dihydropyridins og bindiset sem ekki binda dihydropyridin. Samdráttarferli í hjartavöðva og sléttum vöðvum í æðum eru háð flutningi kalsíumjóna utan frumna inn í þessar frumur um sértæk jónagöng.

Eftir gjöf ráðlagðra skammta handa sjúklingum með háþrýsting veldur amlodipin æðavíkkun sem hefur í för með sér lækun blóðþrýstings í útafliggjandi og uppréttri stöðu. Þessari lækun blóðþrýstings fylgir ekki marktæk breyting á hjartsláttarhraða eða plasmabéttni adrenvirkra efna við langvarandi notkun lyfsins.

Plasmabéttni er í gagnkvæmu samræmi við áhrif hjá bæði ungum og öldruðum sjúklingum.

Hjá háþrýstingssjúklingum með eðlilega nýrnastarfsemi leiddu ráðlagðir skammtar amlodipins til minni æðamótstöðu í nýrum og til aukinnar gauklasíunar og virks plasmaflæðis um nýru, án breytinga á síunarhlutanum eða próteinmigu.

Valsartan

Valsartan er öflugur, sértækur angiotensín II viðtakablokki sem er virkur eftir inntöku. Það hefur sértæka verkun á AT_1 undirflokk viðtaka en þekkt áhrif angiotensín II verða fyrir tilstilli hans.

Notkun valsartans handa sjúklingum með háþrýsting veldur lækun á blóðþrýstingi án þess að hafa áhrif á hjartsláttartíðni.

Eftir notkun staks skammts kemur blóðþrýstingslækkandi verkun fram hjá flestum sjúklingum innan 2 klst. og hámarkslækkun blóðþrýstings næst innan 4-6 klst. Blóðþrýstingslækkandi áhrif vara í meira en 24 klst. eftir inntöku. Við endurtekna skammta næst hámarkslækkun blóðþrýstings, hvaða skammts sem er, yfirleitt innan 2-4 vikna.

Hýdróklórtíazið

Verkunarstaður þvagræsilyfja af flokki tíaziða er einkum í fjærþíplum nýrna (renal distal convoluted tubule). Sýnt hefur verið fram á að hásækniviðtaki í nýrnabarki er helsti bindistaður hvað varðar verkun þvagræsilyfja af flokki tíaziða og hömlun á NaCl (natríumklóríð) flutningi í fjærþíplum nýrna. Verkunarháttur tíaziða er hömlun á Na^+Cl^- dælu, hugsanlega með því að keppa um Cl^- bindistað og hafa þannig áhrif á endurupptöku salta: bein áhrif með auknum útskilnaði natríums og klóríðs í nokkurn veginn sama magni og óbein áhrif með þvagræingu sem minnkar plasmarúmmál, sem aftur leiðir til aukinnar virkni reníns í plasma, seytingar aldósteróns og kalíumtaps í þvagi, sem og minnkunar á kalíum í sermi.

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Imprida HCT hjá öllum undirhópum barna við frumkomnum háþrýstingi. Sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum.

5.2 Lyfjahvörf

Línulegt samhengi

Lyfjahvörf amlodipíns, valsartans og hýdróklórtíaziðs eru línuleg.

Amlodipín/valsartan/hýdróklórtíazið

Eftir inntöku Imprida HCT hjá heilbrigðum fullorðnum einstaklingum næst hámarks plasmabéttni amlodipíns á 6-8 klukkustundum, valsartans á 3 klukkustundum og hýdróklórtíaziðs á 2 klukkustundum. Hraði og magn frásogs amlodipíns, valsartans og hýdróklórtíaziðs úr Imprida HCT er það sama og þegar lyfin eru gefin hvert fyrir sig.

Amlodipín

Frásog: Eftir inntöku ráðlagðra skammta af amlodipíni einu sér næst hámarksþéttni amlodipíns í plasma á 6-12 klst. Reiknað hefur verið út að heildaraðgengi sé 64% til 80%. Fæðuneysla hefur ekki áhrif á aðgengi amlodipíns.

Dreifing: Dreifingarrúmmál er um það bil 21 l/kg. Í *in vitro* rannsóknum á amlodipíni hefur verið sýnt fram á að um það bil 97,5% af lyfinu í blóðrásinni eru bundin plasmapróteinum.

Umbrot: Amlodipín umbrotnar mikið (um það bil 90%) í lifur, í óvirk umbrotsefni.

Útskilnaður: Brotthvarf amlodipíns úr plasma verður í tveimur köflum og lokahelmingunartími brotthvarfs er um það bil 30 til 50 klst. Jafnvægisþéttni í plasma næst eftir samfellda notkun í 7-8 daga. 10% af amlodipíni sjálfu og 60% af umbrotsefnum amlodipíns skiljast út í þvagi.

Valsartan

Frásog: Eftir inntöku valsartans eins sér næst hámarksþéttni valsartans í plasma á 2-4 klst. Heildaraðgengi valsartans er að meðaltali 23%. Fæða dregur úr útsetningu (metið á grundvelli AUC) fyrir valsartani um u.þ.b. 40% og minnkar hámarksþéttni í plasma (C_{max}) um u.þ.b. 50%, enda þótt plasmaþéttni valsartans sé sambærileg 8 klst. eftir inntöku hjá bæði þeim hópnum sem var fastandi og þeim sem ekki var fastandi. Þessi minnkun AUC tengist hins vegar ekki klínískt marktækri minnkun meðferðarverkunar og því má nota valsartan með mat eða án.

Dreifing: Dreifingarrúmmál valsartans við jafnvægi, eftir notkun í bláæð, er um það bil 17 lítrar, sem bendir til þess að valsartan dreifist ekki mikið til vefja. Valsartan er mikið bundið sermispróteinum (94-97%), einkum albumini í sermi.

Umbrot: Valsartan umbrottnar ekki mikið, því einungis um það bil 20% af gefnum skammti endurheimtist sem umbrotsefni. Lág þéttni hýdroxýumbrotsefnis hefur mælst í plasma (innan við 10% af AUC fyrir valsartan). Þetta umbrotsefni er lyfjafræðilega óvirkt.

Útskilnaður: Brotthvarf valsartans verður einkum í hægðum (um það bil 83% skammtsins) og þvagi (um það bil 13% skammtsins), aðallega í óbreyttu formi. Eftir gjöf í bláæð er úthreinsun valsartans úr plasma um það bil 2 l/klst. og nýrnaúthreinsunin er 0,62 l/klst. (um það bil 30% af heildarúthreinsun). Helmingunartími valsartans er um það bil 6 klst.

Hýdróklórtíazið

Frásog: Frásog hýdróklórtíaziðs eftir inntöku er hratt (t_{max} um 2 klukkustundir). Aukning í meðaltali AUC er línuleg og í réttu hlutfalli við skammta á meðferðarbílinu.

Áhrif fæðu á frásog hýdróklórtíaziðs, ef einhver eru, hafa lítið klínískt mikilvægi. Heildaraðgengi hýdróklórtíaziðs er 70% eftir inntöku.

Dreifing: Sýnilegt (apparent) dreifingarrúmmál er 4-8 l/kg. Hýdróklórtíazið í blóðrásinni er bundið próteinum í sermi (40-70%), einkum albúminum í sermi. Hýdróklórtíazið safnast einnig upp í rauðu blóðkornunum í um það bil 3 faldri þeirri þéttni sem er í plasma.

Umbrot: Hýdróklórtíazið skilst aðallega út á óbreyttu formi.

Útskilnaður: Helmingunartími útskilnaðar hýdróklórtíaziðs úr plasma er að meðaltali 6 til 15 klst. í endanlega útskilnaðarfasanum. Engin breyting er á lyfjahvörfum hýdróklórtíaziðs eftir endurtekna skammta og uppsöfnun er í lágmarki þegar lyfið er gefið einu sinni á dag. Meira en 95% af skammtinum sem frásogast, skilst út á óbreyttu formi í þvagi. Úthreinsun um nýru verður annars vegar með síun og hins vegar með virkri seytingu inn í nýrnapiplur.

Sérstakir sjúklingahópar

Börn (yngri en 18 ára)

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um lyfjahvörf hjá börnum.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Hámarksþéttni amlodipins í plasma næst á svipuðum tíma hjá ungum og öldruðum sjúklingum. Hjá öldruðum sjúklingum er tilhneiging til hægari úthreinsunar amlodipins sem leiðir til stækkunar flatarmáls undir ferli (AUC) og lengri helmingunartíma brotthvarfs. Meðaltalsgildi almenns (systemic) AUC fyrir valsartan er yfir 70% hærra hjá öldruðum en ungum og skal því gæta varúðar þegar skammtar eru stækkaðir.

Almenn útsetning fyrir valsartani er örlítið meiri hjá öldruðum samanborið við unga einstaklinga, en ekki hefur verið sýnt fram á að þetta sé klínískt mikilvægt.

Takmarkaðar upplýsingar benda til þess að almenn (systemic) úthreinsun hýdróklórtíazíðs sé minni hjá öldruðum, bæði heilbrigðum og þeim sem eru með háþrýsting, samanborið við unga heilbrigða sjálfboðaliða.

Þar sem öll þrjú virku innihaldsefnin þolast jafn vel hjá yngri og eldri sjúklingum, er ráðlagt að nota venjulega skammta (sjá kafla 4.2).

Skert nýrnastarfsemi

Skert nýrnastarfsemi hefur ekki marktæk áhrif á lyfjahvörf amlodipins. Eins og gera má ráð fyrir varðandi lyf sem um gildir að nýrnaúthreinsun er einungis 30% af heildarúthreinsun úr plasma, kom ekki fram neitt gagnkvæmt samband milli nýrnastarfsemi og almennrar (systemic) útsetningar fyrir valsartani.

Sjúklingar með vægt eða í meðallagi skerta nýrnastarfsemi mega því fá venjulegan upphafsskammt (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Þegar um skerðingu á nýrnastarfsemi er að ræða verður hækkun á meðalgildum hámarksþéttni í plasma og AUC fyrir hýdróklórtíazíð og hraði útskilnaðar með þvagi minni. Hjá sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta nýrnastarfsemi hefur komið fram 3 föld aukning á AUC fyrir hýdróklórtíazíð. Hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi hefur komið fram 8 föld aukning á AUC. Ekki má nota Imprida HCT handa sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi, þvagþurrð eða sem eru í skilunarmeðferð (sjá kafla 4.3).

Skert lifrastarfsemi

Hjá sjúklingum með skerta lifrastarfsemi er úthreinsun amlodipins hægari, sem leiðir til um það bil 40-60% aukningar AUC. Hjá sjúklingum með vægan til í meðallagi alvarlegan, langvarandi lifrarsjúkdóm er útsetning (metið á grundvelli gilda AUC) fyrir valsartani að meðaltali tvöföld á við það sem gerist hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum (parað miðað við aldur, kyn og líkamsþyngd). Skert lifrastarfsemi er frábending við notkun Imprida HCT vegna þess að það inniheldur valsartan (sjá kafla 4.2 og 4.3).

5.3 Forklínískar upplýsingar

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazíð

Í margskonar forklínískum rannsóknum á öryggi sem gerðar voru hjá nokkrum dýrategundum á amlodipini, valsartani, hýdróklórtíazíði, valsartani/hýdróklórtíazíði, amlodipini/valsartani og amlodipini/valsartani/hýdróklórtíazíði (Imprida HCT), kom ekkert fram sem benti til almennra eiturverkana eða eiturverkana á markliffæri sem hafði slæm áhrif á þróun Imprida HCT til klínískrar notkunar hjá mönnum.

Forklínískar rannsóknir á öryggi sem stóðu yfir í allt að 13 vikur voru gerðar á amlodipini/valsartani/hýdróklórtíazíði hjá rottum. Samsetningin olli viðbúinni fækkun rauðra blóðkorna (blóðkorna, blóðrauða, blóðkornaskila og netfrumna), aukningu þvagefnis í sermi, aukningu kreatínins í sermi, aukningu kalíums í sermi, ofvexti juxtaglomerular frumna í nýrum og staðbundnum fleiðrum í kirtilmaga rotta. Allar þessar breytingar gengu til baka eftir 4 vikna batatímabil og voru taldar vera ýkt lyfhrif.

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazíð samsetningin var ekki rannsökuð með tilliti til eiturverkana á erfðaeðni eða krabbameinsvaldandi áhrifa þar sem ekkert benti til milliverkana milli þessara lyfja, sem hafa lengi verið á markaði. Amlodipin, valsartan og hýdróklórtíazíð hafa hins vegar verið rannsökuð hvert í sínu lagi með tilliti til eiturverkana á erfðaeðni eða krabbameinsvaldandi áhrifa og voru niðurstöðurnar neikvæðar.

Amlodipin

Eiturverkun á æxlun

Í rannsóknum á æxlun hjá rottum og músum hefur orðið vart við seinkun gots, lengingu hriða og minni lifun unga við skammta u.þ.b. 50 sinnum stærri en hámarks ráðlagður skammtur hjá mönnum, í mg/kg.

Skert frjósemi

Engin áhrif sást á frjósemi hjá rottum sem fengu amlodipin (karldýr í 64 daga og kvendýr í 14 daga fyrir mökun) í skömmtum allt að 10 mg/kg/dag (8 sinnum* hámarks ráðlagður skammtur hjá mönnum, 10 mg sé miðað við mg/m²). Í annarri rannsókn, þar sem karlkyns rottur fengu amlodipin besilat í 30 daga í skömmtum sambærilegum við skammta hjá mönnum í mg/kg, varð vart við lækkuð gildi eggbússtýrihormóns (follicle-stimulating hormone, FSH) og testósteróns í plasma, auk minnkaðrar þéttni sáðfrumna og minni fjölda þroskaðra sáðfrumna og Sertoli frumna.

Krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi áhrif

Engin merki sást um krabbameinsvaldandi áhrif hjá rottum og músum sem fengu amlodipin í fæðu í tvö ár í styrk sem dugði til að gefa dagsskammta sem námu 0,5, 1,25 og 2,5 mg/kg/dag. Hæsti styrkurinn (sem hjá músum var svipaður og hámarks ráðlagður klínískur skammtur, 10 mg sé miðað við mg/m², en hjá rottum tvisvar sinnum* stærri) var nálægt hæsta skammti sem þóldist hjá músum, en ekki hjá rottum.

Í rannsóknum á stökkbreytandi áhrifum komu ekki í ljós nein áhrif sem tengdust lyfinu, hvorki á gen né litninga.

*Miðað við að líkamsþyngd sjúklings sé 50 kg

Valsartan

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi, eiturverkunum eftir endurtekna skammta, eiturverkunum á erfðaeefni og krabbameinsvaldandi áhrifum.

Hjá rottum reyndust skammtar, sem öllu eiturverkunum á mæður (600 mg/kg/dag) og gefnir voru á síðustu dögum meðgöngu og meðan afkvæmin voru höfð á spena, hafa í för með sér skemmri lifun, minni þyngdaraukningu og seinkaðan þroska (los á úteyra og op á hlust) hjá afkvæmum (sjá kafla 4.6). Þessir skammtar hjá rottum (600 mg/kg/dag) samsvara u.þ.b. 18 földum hámarksskammti sem ráðlagður er fyrir menn miðað við mg/m² (útreikningar miðast við að tekinn sé inn 320 mg skammtur á dag og sjúklingurinn sé 60 kg).

Í öðrum rannsóknum á öryggi en klínískum rannsóknum höfðu stórir skammtar af valsartani (200 til 600 mg/kg líkamsþyngdar) hjá rottum í för með sér lækkun á gildum rauðra blóðfrumna (rauð blóðkorn, blóðrauði, blóðkornaskil) og vísbendingar um breytingar á nýrnablóðflæði (lítið eitt aukið þvagefni í plasma og ofvöxt og lútsækni (basophilia) í nýrnapiplum hjá karldýrum). Þessir skammtar hjá rottum (200 til 600 mg/kg/dag) samsvara u.þ.b. 6 og 18 földum hámarksskammti sem ráðlagður er fyrir menn miðað við mg/m² (útreikningar miðast við að tekinn sé inn 320 mg skammtur á dag og sjúklingurinn sé 60 kg).

Í silkiöpum höfðu svipaðir skammtar í för með sér hliðstæðar breytingar, en þó alvarlegri, sérstaklega í nýrunum þar sem breytingarnar þróuðust í nýrnakvilla (nephropathy) sem hafði í för með sér hækkun á þvagefni og kreatíníni.

Ofvöxtur jústaglómerúlarfrumna í nýrum kom einnig fram hjá báðum tegundunum Allar breytingar voru taldar stafa af lyfjafræðilegri verkun valsartans sem veldur langvarandi lágþrýstingi, sérstaklega hjá silkiöpum. Ofvöxtur jústaglómerúlarfrumna í nýrum virðist ekki skipta neinu máli hjá mönnum sem fá meðferðarskammta af valsartani.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Töflukjarni

Örkristölluð sellulósa

Crospovidon

Vatnsfrí kísilkvoða

Magnesíumsterat

Töfluhúð

Hýprómellósa

Macrogol 4000

Talkúm

Gult járnoxíð (E172)

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymslupól

2 ár

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið ekki við hærri hita en 30°C.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn taka.

6.5 Gerð fláts og innihald

PVC/PVDC þynnur. Ein þynna inniheldur 7, 10 eða 14 filmuhúðaðar töflur.

Pakkningastærðir: 14, 28, 30, 56, 90, 98 eða 280 filmuhúðaðar töflur.

Fjölpakkningar með 280 töflum, sem samanstanda af 20 öskjum, sem hver inniheldur 14 töflur.

PVC/PVDC rifgataðar stakskammtaþynnur til notkunar á sjúkrahúsum:

Pakkningastærðir: 56, 98 eða 280 filmuhúðaðar töflur.

Fjölpakkningar með 280 töflum, sem samanstanda af 4 öskjum, sem hver inniheldur 70 töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir eða styrkleikar séu markaðssettir.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Engin sérstök fyrirmæli.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novartis Europharm Limited
Wimblehurst Road
Horsham
West Sussex, RH12 5AB
Bretland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/09/570/037-048

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNYJUNAR MARKAÐSLEYFIS

15.10.2009

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um þetta lyf eru birtar á heimasíðu Lyfjastofnunar Evrópu
<http://www.ema.europa.eu>

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>

1. HEITI LYFS

Imprida HCT 10 mg/320 mg/25 mg filmuhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur amlodipin 10 mg (sem amlodipinbesylat), valsartan 320 mg og hýdróklórtíazíð 25 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla (tafla)

Gulbrúnar, sporöskjulaga töflur með sniðbrún og kúptar á báðum hliðum, auðkenndar með „NVR“ á annarri hliðinni og „VFL“ á hinn hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Meðferð við háþrýstingi af óþekktri orsök (essential hypertension) hjá fullorðnum sjúklingum sem náð hafa viðunandi blóðþrýstingslækkun með amlodipini, valsartani og hýdróklórtíazíði (HCT) hvort sem lyfin eru tekin hvert fyrir sig eða tvö í samsettu lyfjaformi og eitt sér.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Ráðlagður skammtur Imprida HCT er ein tafla á sólarhring, sem helst á að taka að morgni.

Áður en skipt er yfir á meðferð með Imprida HCT á að hafa náðst stjórn á blóðþrýsti sjúklings á stöðugum skammti af hverju innihaldsefni fyrir sig þegar þau eru tekin á sama tíma. Skammtur af Imprida HCT skal grundvallast á skammti hvers innihaldsefnis í samsetningunni fyrir sig á þeim tímapunkti sem skipt er yfir.

Stærsti ráðlagði skammtur af Imprida HCT er 10 mg/320 mg/25 mg.

Viðbótarupplýsingar um sérstaka hópa

Skert nýrnastarfsemi

Ekki þarf að aðlaga upphafsskammt hjá sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.4 og 5.2). Vegna hýdróklórtíazíð innihaldsins má ekki nota Imprida HCT handa sjúklingum með þvagþurrð (sjá kafla 4.3) og handa sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi (gaukulsúnarhraði (GFR) <30 ml/mín./1,73 m²) (sjá kafla 4.3, 4.4 og 5.2).

Skert lifrastarfsemi

Vegna valsartan innihaldsins má ekki nota Imprida HCT handa sjúklingum með alvarlega skerta lifrastarfsemi (sjá kafla 4.3). Um sjúklinga sem eru með vægt til í meðallagi skerta lifrastarfsemi án gallteppu gildir að ráðlagður hámarksskammtur af valsartan er 80 mg og því hentar Imprida HCT ekki þeim sjúklingum (sjá kafla 4.3, 4.4 og 5.2).

Hjartabilun og kransæðasjúkdómur

Takmörkuð reynsla er af notkun Imprida HCT, sérstaklega við hámarksskammt, hjá sjúklingum með hjartabilun og kransæðasjúkdóm. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með hjartabilun og kransæðasjúkdóm, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Gæta skal varúðar og fylgjast oftast með blóðþrýstingi hjá öldruðum sjúklingum, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg, þar sem fyrirbyggjandi gögn um þennan sjúklingahóp eru takmörkuð.

Börn

Notkun Imprida HCT á ekki við hjá börnum (sjúklingar yngri en 18 ára) við ábendingunni háþrýstingur af óþekktri orsök.

Lyfjagjöf

Nota má Imprida HCT með eða án fæðu. Töflurnar á að gleypa í heilu lagi með dálitlu af vatni, á sama tíma sólarhringsins og helst að morgni.

4.3 Frábendingar

- Ofnæmi fyrir virku efnunum, öðrum sulfonamíðafleiðum, dihydropyridinafleiðum eða einhverju hjálparefnanna.
- Annar og síðasti þriðjungur meðgöngu (sjá kafla 4.4 og 4.6).
- Skert lifrarstarfsemi, gallskorpulífur eða gallteppa.
- Alvarlega skert nýrnastarfsemi (GFR <30 ml/mín./1,73 m²), þvagþurrð, og sjúklingar í skilunarmedferð.
- Þrálát blóðkalíumlækkun, blóðnatríumlækkun, blóðkalsíumhækkun og óhóflega mikið magn þvagsýru í sermi með einkennum.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Sjúklingar með natríumskort og/eða minnkað blóðrúmmál

Verulegur lágþrýstingur, þar með talið réttstöðulágþrýstingur, kom fram hjá 1,7% sjúklinga sem fengu meðferð með hámarksskammti af Imprida HCT (10 mg/320 mg/25 mg) samanborið við 1,8% sjúklinga sem fengu valsartan/hýdróklórtíazið (320 mg/25 mg), 0,4% sjúklinga sem fengu amlodipín/valsartan (10 mg/320 mg) og 0,2% sjúklinga sem fengu hýdróklórtíazið/amlodipín (25 mg/10 mg) í samanburðarrannsókn hjá sjúklingum með í meðallagi alvarlegan eða alvarlegan háþrýsting án fylgikvilla.

Hjá sjúklingum með natríumskort og/eða minnkað blóðrúmmál, svo sem þeim sem fá stóra skammta af þvagræsilyfjum, getur lágur blóðþrýstingur með einkennum komið fyrir þegar meðferð með Imprida HCT er hafin. Imprida HCT skal aðeins nota eftir að natríumskortur og/eða minnkað blóðrúmmál hefur verið leiðrétt.

Komi fram verulegur lágþrýstingur í tengslum við Imprida HCT skal leggja sjúklinginn útaf og ef þess gerist þörf skal gefa jafnþrýstið saltvatn með innrennsli í bláæð. Halda má meðferð áfram þegar blóðþrýstingurinn hefur náð jafnvægi.

Breytingar á söltum í sermi

Amlodipin/valsartan/hýdróklórtíazíð

Í samburðarrannsókninni á Imprida HCT jöfnuðust mótverkandi áhrif valsartans 320 mg og hýdróklórtíazíðs 25 mg á kalíum í sermi, um það bil út hjá mörgum sjúklingum. Hjá öðrum sjúklingum voru önnur hvor áhrifin yfirgnæfandi. Mæla skal þéttni salta í sermi með viðeigandi millibili til að greina hugsanlegar breytingar á söltum.

Mæla skal þéttni salta í sermi, og sérstaklega kalíums, reglulega með viðeigandi millibili til að greina hugsanlegt ójafnvægi á blóðsöltum, einkum hjá sjúklingum með aðra áhættuþætti, svo sem skerta nýrnastarfsemi, meðferð með öðrum lyfjum eða sem hafa áður verið með ójafnvægi á blóðsöltum.

Valsartan

Ekki er mælt með samhliða notkun kalíumuppbótar, kalíumsparandi þvagræsilyfja, saltauppbótar sem inniheldur kalíum eða annarra lyfja sem geta aukið þéttni kalíums (heparín o.s.frv.). Fylgjast skal með kalíumþéttni eftir því sem tilefni er til.

Hýdróklórtíazíð

Einungis skal hefja meðferð með Imprida HCT eftir að blóðkalíumlækkun og sérhver samfarandi blóðmagnesiumlækkun hefur verið leiðrétt. Tíazíð þvagræsilyf geta leitt til blóðkalíumlækkunar eða aukið blóðkalíumlækkun sem þegar er til staðar. Nota skal tíazíð þvagræsilyf með varúð hjá sjúklingum sem hafa sjúkdóma sem valda kalíumtapi, t.d. nýrnasjúkdóma sem valda tapi blóðsalta sem og skerta nýrnastarfsemi af völdum hjartasjúkðóms. Ef blóðkalíumlækkun kemur fram meðan á meðferð með hýdróklórtíazíði stendur, skal stöðva meðferð með Imprida HCT þar til kalíumþéttni hefur verið leiðrétt og hún helst stöðug.

Tíazíð þvagræsilyf geta leitt til blóðnatríumlækkunar og blóðlýtingar af völdum blóðklóríðlækkunar og þau geta einnig aukið blóðnatríumlækkun sem þegar er til staðar. Blóðnatríumlækkun með einkennum frá taugakerfi (ógleði, vaxandi rugli, sinnuleysi) hefur komið fram. Einungis skal hefja meðferð með hýdróklórtíazíði eftir að blóðnatríumlækkun, sem þegar er til staðar, hefur verið leiðrétt. Ef veruleg eða hröð blóðnatríumlækkun kemur fram meðan á meðferð með Imprida HCT stendur, skal stöðva meðferð þar til þéttni natríums í blóði er aftur orðin eðlileg.

Hafa skal reglulegt eftirlit með jafnvægi blóðsalta, sérstaklega kalíums, natríums og magnesíums, hjá öllum sjúklingum sem fá tíazíð þvagræsilyf.

Skert nýrnastarfsemi

Tíazíð þvagræsilyf geta valdið auknu köfnunarefni í blóði hjá sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm. Þegar Imprida HCT er notað hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi, er ráðlagt að hafa reglulegt eftirlit með þéttni blóðsalta í sermi (þar með talið kalíums), kreatíníns og þvagsýru. Ekki má nota Imprida HCT hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi, þvagþurrð eða sem eru í skilunarmedferð (sjá kafla 4.3).

Ekki þarf að breyta skömmtum Imprida HCT handa sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta nýrnastarfsemi ($GFR \geq 30$ ml/mín./1,73 m²).

Nýrnaslagæðarþrengsli

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun Imprida HCT handa sjúklingum með nýrnaslagæðarþrengsli öðrum eða báðum megin né handa sjúklingum sem eru með eitt nýra og nýrnaslagæðarþrengsli.

Nýrnaígræðsla

Enn sem komið er liggur ekki fyrir nein reynsla af öryggi við notkun Imprida HCT handa sjúklingum sem nýlega hafa gengist undir nýrnaígræðslu.

Skert lifrarstarfsemi

Brotthvarf valsartans verður einkum á óbreyttu formi í galli en amlodipin umbrotnar mikið í lifur. Hjá sjúklingum með vægt til í meðallagi skerta lifrarstarfsemi án gallteppu, er hámarks ráðlagður skammtur 80 mg af valsartani og því hentar Imprida HCT ekki þessum sjúklingum (sjá kafla 4.2, 4.3 og 5.2).

Hjartabilun og kransæðasjúkdómur

Gera má ráð fyrir að hömlun á renin-angiotensin-aldosteronkerfinu valdi breytingum á nýrnastarfsemi hjá þeim sem eru næmir fyrir slíku. Hjá sjúklingum með alvarlega hjartabilun, en vera má að nýrnastarfsemi þeirra sé háð virkni renin-angiotensin-aldosteronkerfisins, hefur meðferð með angiotensin-converting enzyme (ACE) hemlum og angiotensin viðtakablokkum verið tengd þvagþurrð og/eda versnandi blóðnituraukningu sem (í mjög sjaldgæfum tilvikum) getur leitt til bráðrar nýrnabilunar og/eda dauða. Greint hefur verið frá svipuðum niðurstöðum vegna valsartans.

Í langtíma rannsókn á amlodipini með samanburði við lyfleysu (PRAISE-2) hjá sjúklingum með hjartabilun í NYHA (New York Heart Association Classification) flokkum III og IV, sem ekki var vegna blóðþurrðar, tengdist amlodipin fjölgun tilkynninga um lungnabjúg þrátt fyrir að enginn marktækur munur væri á tíðni versnunar hjartabilunar, samanborið við lyfleysu.

Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með hjartabilun og kransæðasjúkdóm, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg, þar sem upplýsingar um þessa sjúklinga eru takmarkaðar.

Ósæðar- og míturlökupreglsli, ofvaxtarhjärtavöðvakvilli með teppu

Eins og við á um öll önnur æðavíkkandi lyf, skal gæta sérstakrar varúðar hjá sjúklingum með ósæðar-eda míturlökupreglsli eða ofvaxtarhjärtavöðvakvilli með teppu.

Meðganga

Ekki skal hefja meðferð með angiotensin II viðtakablokkum á meðgöngu. Hjá sjúklingum sem fyrirhuga þungun skal skipta yfir á aðra meðferð við háþrýstingi, sem hefur verið staðfest að sé örugg til notkunar á meðgöngu, nema áframhaldandi meðferð með angiotensin II viðtakablokkum sé talin nauðsynleg. Verði kona þunguð skal stöðva meðferð með angiotensin II viðtakablokkum án tafar, og hefja aðra meðferð í staðinn, ef við á (sjá kafla 4.3 og 4.6).

Frumkomið aldosteronheilkenni

Ekki ætti að nota angiotensin II viðtakablokkann valsartan handa sjúklingum með frumkomið aldosteronheilkenni vegna þess að sjúkdómurinn hefur áhrif á renin-angiotensinkerfið. Því er ekki ráðlagt að nota Imprida HCT hjá þessum sjúklingum.

Rauðir úlfar

Greint hefur verið frá því að þvagræsilyf af flokki tíazíða, þ.m.t. hýdróklórtíazíð, geti valdið versnun eða virkjun rauðra úlfa.

Aðrar efnaskiptatruflanir

Þvagræsilyf af flokki tíazíða, þ.m.t. hýdróklórtíazíð, geta breytt sykurþoli og aukið þétni kólesteróls, þriglýseríða og þvagsýru í sermi. Hjá sjúklingum með sykursýki getur þurft að breyta skömmtum insúlíns eða sykursýkislyfja til inntöku.

Vegna hýdróklórtíazíðhlutans, má ekki nota Imprida HCT þegar þvagsýruhækkun í blóði með einkennum er til staðar. Hýdróklórtíazíð getur aukið magn þvagsýru í sermi vegna minnkaðrar úthreinsunar þvagsýru og getur þannig valdið enn meiri þvagsýruhækkun í blóði og þar með þvagsýrugigt hjá sjúklingum sem eru næmir fyrir því.

Tíazíð draga úr útskilnaði kalsíums í þvagi og geta valdið smávægilegri, ósamfelldri hækkun kalsíums í sermi án þess að þekktar truflanir á efnaskiptum kalsíums séu til staðar. Sjúklingar með blóðkalsíumhækkun mega ekki nota Imprida HCT og einungis skal nota það eftir að blóðkalsíumhækkun sem er til staðar hefur verið leiðrétt. Stöðva skal meðferð með Imprida HCT ef blóðkalsíumhækkun kemur fram meðan á meðferð stendur. Hafa skal reglulegt eftirlit með sermisþéttni kalsíums meðan á meðferð með tíazíðum stendur. Veruleg blóðkalsíumhækkun getur bent til dulinnar ofstarfsemi í kalkkirtlum. Hætta skal meðferð með tíazíðum áður en virkni kalkkirtla er rannsökuð.

Ljósnaemi

Greint hefur verið frá tilvikum um ljósnaemisviðbrögð við meðferð með þvagræsilyfjum af flokki tíazíða (sjá kafla 4.8). Ef ljósnaemisviðbrögð koma fram meðan á meðferð með Imprida HCT stendur er mælt með því að stöðva meðferðina. Ef talið er nauðsynlegt að hefja aftur meðferð með þvagræsilyfi, er mælt með því að svæði sem eru útsett fyrir sólarljósi eða tilbúnum UVA geislum séu varin.

Bráð þrönghornsgláka

Í tengslum við notkun hýdróklórtíazíðs, sem er súlfónamíð, hafa komið fram viðbrögð sem leitt hafa til bráðrar tímabundinnar þrengingar ljósops og bráðrar þrönghornsgláku. Einkennið eru m.a. brátt tilkomin minnkuð sjónskerpa eða verkir í augum og yfirleitt koma þau innan nokkurra klukkustunda eða viku frá því að meðferð hefst. Ómeðhöndluð bráð þrönghornsgláka getur leitt til óafturkræfs sjóntaps.

Aðalmeðferðin er að stöðva notkun hýdróklórtíazíðs eins hratt og hægt er. Nauðsynlegt getur verið að íhuga skjóta lyfjameðferð eða skurðaðgerð ef augnþrýstingurinn er áfram hár. Áhættuþættir bráðrar þrönghornsgláku geta m.a. verið saga um ofnæmi fyrir súlfónamíðum og penicillínofnæmi.

Almenn atriði

Gæta skal varúðar hjá sjúklingum sem fengið hafa ofnæmi fyrir öðrum angiotensín II viðtakablokkum. Ofnæmi fyrir hýdróklórtíazíði er líklegra hjá sjúklingum með ofnæmi og astma.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Gæta skal varúðar og fylgjast oftast með blóðþrýstingi hjá öldruðum sjúklingum, sérstaklega við hámarksskammt Imprida HCT, 10 mg/320 mg/25 mg, þar sem fyrirbyggjandi gögn um þennan sjúklingahóp eru takmörkuð.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar formlegar rannsóknir á milliverkunum við önnur lyf hafa verið gerðar með Imprida HCT Þess vegna eru í þessum kafla einungis tilgreindar milliverkanir við önnur lyf sem þekktar eru fyrir hvert virku innihaldsefnanna fyrir sig.

Engu að síður er mikilvægt að hafa í huga að Imprida HCT getur aukið blóðþrýstingslækkandi áhrif annarra blóðþrýstingslækkandi lyfja.

Samhliða notkun ekki ráðlögð

Innihaldsefni Imprida HCT hvert um sig	Þekktar milliverkanir við eftirtalin lyf	Áhrif milliverkunarinnar við önnur lyf
Valsartan og HCT	Lítíum	Greint hefur verið frá afturkræfri aukningu á sermisþéttni lítíums og eiturverkunum, við samhliða notkun með ACE hemlum og tíazíðum, þar með talið hýdróklórtíazíði. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir reynsla af samhliða notkun valsartans og lítíums er ekki mælt með slíkri samhliða notkun. Ef nauðsynlegt er að nota bæði lyfin er mælt með ítarlegu eftirliti með sermisþéttni lítíums (sjá kafla 4.4).
Valsartan	Kalíumsparandi þvagræsilyf, kalíumuppbót, saltauppbót sem inniheldur kalíum og annað sem getur hækkað kalíumþéttni	Ef samhliða valsartani er talið nauðsynlegt að nota lyf sem hefur áhrif á kalíumþéttni er mælt með tíðu eftirliti með plasmþéttni kalíums.
Amlodipin	Greipaldin eða greipaldinsafi	Notkun amlodipins með greipaldini eða greipaldinsafa er ekki ráðlögð vegna þess að aðgengi getur aukist hjá sumum sjúklingum, sem veldur auknum blóðþrýstingslækkandi áhrifum.

Gæta þarf varúðar við samhliða notkun

Innihaldsefni Imprida HCT hvert um sig	Þekktar milliverkanir við eftirtalin lyf	Áhrif milliverkunarinnar við önnur lyf
Amlodipin	<i>CYP3A4 hemlar</i> (þ.e. ketoconazol, itraconazol, ritonavir)	Notkun amlodipins samtímis öflugum eða miðlungi öflugum CYP3A4 hemlum (próteasa hemlum, azól sveppalyfjum, makrólíðum svo sem erytrómýsini eða klaritromýsini, verapamíli eða diltiazemi) getur aukið útsetningu fyrir amlodípíni marktækt. Klínísk áhrif þessara breytinga á lyfjahvörfum geta verið meiri hjá öldruðum. Nauðsynlegt getur verið að fylgjast með sjúklingum og breyta skammtastærðum.
	<i>CYP3A4 hvatar</i> (flogaveikilyf [t.d. carbamazepin, fenobarbital, fenytoin, fosfenytoin, primidon], rifampicin, <i>Hypericum perforatum</i> [jóhannesarjurt])	Engin gögn liggja fyrir um áhrif CYP3A4-hvata á amlodipin. Samtímis notkun CYP3A4-hvata (t.d. rifampicin, <i>Hypericum perforatum</i>) getur leitt til minnkaðrar plasmþéttni amlodipins. Gæta skal varúðar við samtímis notkun amlodipins og CYP3A4-hvata.
	<i>Simvastatin</i>	Samhliða notkun endurtekinna 10 mg skammta af amlodípíni og 80 mg af simvastatíni olli 77% aukningu á útsetningu fyrir simvastatíni samanborið við notkun simvastatíns eins sér. Ráðlagt er að takmarka skammt simvastatíns við 20 mg á sólarhring hjá sjúklingum á meðferð með amlodípíni.

	<i>Dantrolen (innrennsli)</i>	Vart hefur orðið við banvænt sleglatif og lost vegna hjartaáfalls í tengslum við hækkun kalíums í blóði eftir gjöf verapamíls og dantrolens í æð hjá dýrum. Vegna hættu á hækkun kalíums í blóði er mælt með því að forðast samtímis gjöf kalsíumgangaloka svo sem amlodipíns hjá sjúklingum sem eiga á hættu að fá illkynja háhita (malignant hyperthermia) og við meðhöndlun illkynja háhita.
Valsartan og HCT	<i>Bólgueyðandi verkjalyf (NSAID), þ.m.t. sértækir cyklóoxýgenasa-2 hemlar (COX-2 hemlar), acetylsalicylsýra (>3 g/sólarhring) og ósértæk bólgueyðandi verkjalyf (NSAID)</i>	Bólgueyðandi verkjalyf geta aukið blóðþrýstingslækkandi áhrif bæði angiotensín II viðtakablokka og hýdróklórtíazíðs þegar þau eru gefin samhliða. Ennfremur getur samhliða notkun Imprida HCT og bólgueyðandi verkjalyfja leitt til versunar nýrnastarfsemi og aukið sermispéttni kalíums. Því er mælt með að í upphafi meðferðar sé fylgst með nýrnastarfsemi og þess gætt að sjúklingurinn fái nægan vökva.
Valsartan	<i>Hemlar á upptökuflutningsprótein (rifampicin, ciclosporin) eða útflæðisflutningsprótein (ritonavir)</i>	Niðurstöður <i>in vitro</i> rannsókna á lifrarvef úr mönnum benda til þess að valsartan sé hvarfefni upptökuflutningspróteinsins OATP1B1 og útflæðisflutningspróteinsins MRP2, í lifrarfrumum. Samhliða notkun með hemlum á upptökuflutningsprótein (rifampicin, ciclosporin) eða útflæðisflutningsprótein (ritonavir) getur aukið útsetningu fyrir valsartani.
HCT	<i>Áfengi, barbitúröt og ávanabindandi verkjalyf</i>	Samhliða gjöf tíazíð þvagræsilyfja og efna sem einnig hafa blóðþrýstingslækkandi áhrif (t.d. með því að draga úr adrenavirkni í miðtaugakerfinu eða með því að hafa bein æðavíkkandi áhrif) getur aukið stöðubundinn lágþrýsting.
	<i>Amantadin</i>	Tíazíð, þ.m.t. hýdróklórtíazíð, geta aukið hættu á aukaverkunum af völdum amantadins.
